# FRÉTTABLAÐIÐ

181. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. ÁGÚST 2018




Gönguhópur virðir hér fyrir sér einstakt útsýni yfir Grundarfjörð og yfir til Kolgrafafjarðar ofan af Kirkjufelli. Vegleg umfjöllun um Kirkjufell með myndum er á síðu 12. MYND/ÓLAFUR MÁR

# Ofbeldi í nánu sambandi oftar tilkynnt

**Metfjöldi leitaði á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á síðasta ári. Stefnir ekki í nýtt met í ár. Verkefnastjóri þar segir að fleiri leiti nú þangað vegna kynferðisofbeldis í nánum samböndum. Umræða hafi fækkað kynferðisbrotum um verslunarmannahelgi.**

**FÉLAGSMÁL** Það sem af er ári hafa 103 leitað á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Metfjöldi leitaði þangað í fyrra, 187 einstaklingar. Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri á neyðarmóttökunni, segir ekki stefna í að það met verði slegið í ár.

„Það leituðu mjög fáir til okkar í júní. Við töldum að umræðan væri að skila sér í þessari fækkun en það hefur aukist töluvert upp á síðkastið,“ segir Hrönn.

Að sögn Hrannar er mynstrið nú svipað og á síðasta ári, meðal annars þegar kemur að aldri þolenda kynferðisofbeldis. Þó hefur þeim fjölgað sem leita til neyðarmóttökunnar vegna ofbeldis í nánu sambandi.

„Við erum ánægð með þá þróun að þessi hópur sé farinn að leita til okkar. Ég þakka það þeirri umræðu að það sé eitthvað til sem heitir kynferðisofbeldi innan náins sambands.“

> Það leituðu mjög fáir til okkar í júní. Við töldum að umræðan væri að skila sér í þessari fækkun en það hefur aukist töluvert upp á síðkastið.
>
> Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri á neyðarmóttöku Landspítalans

Hrönn bendir á að flestir sem verði fyrir heimilisofbeldi lýsi líka kynferðisofbeldi í sambandi.

Í tengslum við verslunarmannahelgina hefst jafnan umræða um kynferðisofbeldi. Hrönn segir kynferðisbrot hafi verið fleiri um þessa helgi á árum áður. „Það er mjög mikilvægt að þeir sem halda útihátíðir gefi skýr skilaboð um að þetta sé fordæmt. Kynferðisbrotum um verslunarmannahelgina hefur fækkað meðal annars vegna bættrar gæslu og eftirlits.“

Þá skipti forvarnarstarf miklu. Mikil umræða hafa verið í aðdraganda Þjóðhátíðar í Eyjum 2016. Þá hafi aðeins verið tilkynnt um eitt kynferðisbrot. Í fyrra hafi umræðan verið minni og tilvikin verið fjögur.

Hrönn minnir á að neyðarmóttakan sé opin allan sólarhringinn á bráðadeild Landspítalans og segir að þar sé vel tekið á móti fólki. – sar

## Leiktækin hans Jims Ratcliffe

**FÓLK** Sir Jim Ratcliffe, ríkasti maður Bretlands og stórtækur jarðakaupandi á Íslandi, á mikið af dýrum leiktækjum.

Ratcliffe eða fyrirtæki hans á fjórar einkaþotur. Auðkýfingurinn siglir um á 78,5 metra snekkju þar sem starfsmenn eru 23. Og auðvitað á hann þyrlu. Fréttablaðið lítur á málið. – bb / sjá síðu 38



Jim Ratcliffe

## Fréttablaðið í dag

### Halldór




**SKOÐUN** Stjórnmálamenn ættu að hugsa um hvernig lækka má kostnað við að búa á Íslandi, segir Þorsteinn Víglundsson. 14

**SPORT** FH-ingar eiga ágætis möguleika á að komast áfram í Evrópudeildinni. 18

**MENNING** Eyþór Árnason, sem er 64 ára í dag, sendir frá sér bók með 64 ljóðum. 28

**LÍFIÐ** Söngvarinn Sigurður Guðmundsson myndar í gríð og erg á ferðalagi með hljómsveitinni GÓSS. 34

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg suðvestanátt og skúrir í dag, einkum síðdegis en bjartviðri á Suðausturlandi. Hiti víða 10 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 24



**Á leið úr bænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ.

# Norðurland fær besta veðrið segja spárnar

**VEÐUR** Heilt yfir verður hlýtt en sólarlítið um verslunarmannahelgina og besta veðrið verður á Norðurlandi, að sögn veðurfræðings.

„Framan af er spáin þokkaleg nema á föstudaginn. Þá byrjar að rigna sunnan- og vestanlands en það verður ekki mjög hvasst,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Svo á laugardaginn rofar til á öllu landinu. Það verður hægur vindur, hlýtt og þurrt.“

> Það verður fint veður á öllu landinu fyrst í stað en síðan fer að rigna fyrir sunnan.
>
> Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

Einnig má búast við smá súld suðaustanlands á laugardegi að sögn Þorsteins. Hann segir að á sunnudeginum verði gott veður framan af degi en lægð sunnan úr hafi nálgist landið. „Henni fylgir þetta venjulega. Það verður rigning síðdegis á sunnudeginum, vaxandi austanátt og þá fer að hvessa í Eyjum.“

Á norðanverðu landinu helst hins vegar þurrt á sunnudegi og þar fara hitatölur yfir 20 gráður. „Það verður fint veður á öllu landinu fyrst í stað en síðan fer að rigna fyrir sunnan.“

Þá verður austanstrekkingur og víða rigning á mánudeginum, einkum á austanverðu landinu en áfram hlýtt. **– tfh**

## Allt í botn



**Mætingin var góð er rokkgoðið Billy Idol í stuði steig á svið Laugardalshallar í gærkvöld og tryllti áhorfendur á öllum aldri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

# Aðallestarstöð rýmd vegna fanga á flótta

**KAUPMANNAHÖFN** Ákveðið var að rýma aðaljárnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn í gærkvöldi vegna leitar lögreglu að ótilteknum fanga sem lagt hafði á flótta.

Að því er TV2 sagði frá í gærkvöldi tók fjöldi þungvopnaðra lögreglumanna þátt í leitinni sem ekki bar árangur. Rætt var við konu sem sagðist hafa verið afar hrædd er öllum var skipað út.

Fram kom á vef Politiken að aðgerðirnar hefðu sett strik í ferðaáætlanir fjölmargra sem þurftu að bíða átekta fyrir utan lestarstöðina meðan á aðgerðum lögreglu stóð. Þeim lauk rétt fyrir klukkan ellefu að staðartíma, um einni og hálfri klukkustund eftir að þær hófust.

Lögregla upplýsti loks að fanginn væri ekki talinn hættulegur. Varðstjóri sagði málið ekki eins dramatískt og það liti út fyrir að vera. **– gar**

# Mamma Mia myndum skákað af Titanic einni

**Gríðarleg aðsókn er á framhaldið af Mamma Mia! Myndin er þegar orðin þriðja aðsóknarmesta mynd ársins eftir tvær vikur í sýningu. Aðeins Titanic skákar fyrri myndinni. Sing-a-long sýningar undir handleiðslu jógakennara framundan.**

**SAMFÉLAG** Mamma Mia æði þjóðarinnar virðist engan enda ætla að taka. Þannig hafa um 42 þúsund manns séð framhaldsmyndina Mamma Mia! Here we go again.

Myndin var frumsýnd þann 18. júlí síðastliðinn og því ljóst að aðsóknartölur eiga eftir að aukast enn frekar.

Að sögn Söndru Bjarkar Magnúsdóttur, markaðsstjóra hjá Myndformi sem er dreifingaraðili myndarinnar á Íslandi, er hún komin í þriðja sæti yfir aðsóknarmestu myndir ársins. Aðeins Avengers: Infinity War með 57 þúsund gesti og Incredibles 2 með 48 þúsund eru fyrir ofan það sem af er ári.

„Við erum afar ánægð með þessa góðu byrjun og við væntum þess að myndin haldi áfram að gera mjög vel. Við erum bjartsýn á að hún nái sömu hæðum og fyrri myndin,“ segir Sandra.

Hún bendir þó á að aðsóknin á framhaldsmyndina hafi verið meiri en á fyrri myndina fyrstu helgina sem þær hafi verið í sýningum. Þegar 30 þúsund manns höfðu séð fyrri myndina, höfðu á sama tíma 36 þúsund séð framhaldsmyndina.

Alls sáu 119 þúsund manns fyrri myndina sem hét einfaldlega Mamma Mia!. Hún var frumsýnd sumarið 2008. Er hún að sögn Söndru önnur aðsóknarmesta myndin frá upphafi hérlendis og sú þriðja tekjuhæsta. Það er aðeins Titanic frá 1997 sem fleiri hafa séð í íslenskum kvikmyndahúsum.

Sjálf segist Sandra afar ánægð með nýju myndina.

„Þetta er hugljúf saga og yndisleg mynd. Hún heldur alveg sama filing og fyrri myndin. Maður er oft hræddur um svona framhaldsmyndir en það var ástæðulaust í þessu tilviki.“




**Andy Garcia og Cher á heimsfrumsýningu nýju myndarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ég er farin að heyra af því með þessa mynd að sumir eru byrjaðir að fara aftur. Svo heyrir maður af heilu konuhópunum og saumaklúbbunum sem fjölmenna. Stundum fá karlarnir að laumast með.
>
> Sandra Björk Magnúsdóttir, markaðsstjóri hjá Myndformi



Hún segist þekkja mörg dæmi þess að fólk hafi séð fyrri myndina oft, jafnvel fjórum sinnum.

„Ég er farin að heyra af því með þessa mynd að sumir eru byrjaðir að fara aftur. Svo heyrir maður af heilu konuhópunum og saumaklúbbunum sem fjölmenna. Stundum fá karlarnir að laumast með.“

Líkt og gert var með fyrri myndina stendur til að halda sérstakar sing-a-long sýningar þar sem gestir eru hvattir til að syngja með ABBA-lögunum sem eru ófá í myndinni.

„Það styttist í það og við byrjum væntanlega síðar í ágúst. Eins og síðast munum við gera þetta í samstarfi við Guðbjörgu Ósk, þerapista og jógakennara.“

sighvatur@frettabladid.is

Grillbúðin
Öflugt og fyrirferðalítið ferðagasgrill
Frá Þýskalandi
LANDMANN
Your World of BBQ

17.900
Opið virka daga 11-18
Lokað laugardag og frídag verslunarmanna
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400


ÖLL HÚSGÖGN*
20%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 02.08 - 05.08
ALLAR MOTTUR
20%
ÖLL SÆNGURVERASETT*
20-30%
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 02.08 - 05.08
DÚNKODDI OG DÚNSÆNG
50%
Flora Danica
Made in Denmark
KODDI
50X70 CM.
~~9.995~~ NÚ 4.995
SÆNG FULLT VERÐ: ~~34.990~~
16.990
ÖLL TJÖLD OG SVEFNPOKAR
20%
GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR
SPARIÐ ALLT AÐ 70%
%
SUMAR-ÚTSALA
OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ
%
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

# Orka náttúrunnar stærsta raforkusalan en er þó með hæsta verðið

**NEYTENDAMÁL** Rúmlega átta prósenta munur er á verði raforku hjá ódýrustu og dýrustu raforkusölunum. Dýrasta raforkusalan, Orka náttúrunnar, er jafnframt stærsta fyrirtækið á markaðinum.

Á vefsíðunni Aurbjorg.is má nú finna verðsamanburð á öllum raforkusölum án virðisaukaskatts. Ódýrasta rafmagnið býður Orka heimilanna, sem hóf starfsemi í ársbyrjun 2018. Þar er hver kílóvattstund verðlögð á 5,89 krónur. Orkubú Vestfjarða fylgir fast á hælana með verðið 5,90 krónur.

Dýrust er Orka náttúrunnar, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, sem selur hverja kílóvattstund 6,43 krónur, síðan HS Orka með verðið 6,35 krónur. Neytendur geta keypt rafmagn af hverjum sem er óháð búsetu á landinu og sama gildir um húsfélög. Þess ber þó að geta að rafmagnskostnaður heimila skiptist í tvennt. Annars vegar kostnaður vegna raforkusölu sem er á samkeppnismarkaði og hins vegar vegna raforkudreifingar þar sem fyrirtækin hafa einokun á afmörkuðu landsvæði. Þannig geta neytendur aðeins reynt að lækka hluta af heildarkostnaðinum.

„Við endurskoðum reglulega okkar verð en það er oft þannig að hinir bíða og setja verðin aðeins undir. Við verðleggjum okkur á eigin forsendum og þetta var niðurstaðan um síðustu áramót miðað við arðsemiskröfur, kostnað og annað slíkt,“ segir Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

Önnur skýring, að sögn Bjarna, er að Orka náttúrunnar ráðstafar arði fyrirtækisins í ýmis þróunarverkefni sem lúta að orkuskiptum og að draga úr losun koltvísýrings. Hann segir að neytendur þurfi einnig að hafa í huga hvar peningarnir endi. **– tfh**

> Þetta var niðurstaðan um síðustu áramót miðað við arðsemiskröfur, kostnað og annað slíkt.
>
> Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON





**Á Ingólfstorgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gistináttafjöldi óbreyttur í júní

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinætur ferðamanna í júní voru 1.188.600 og hafði þeim fækkað örlítið miðað við sama mánuð í fyrra.

Skiptingin var þannig að gistinætur á hótelum og gistihúsum voru rúmlega 589 þúsund, á farfuglaheimilum, í svefnpokaplássi og á tjaldstæðum voru þær rúmlega 408 þúsund og rúmlega 190 þúsund í gegnum vefsíður á borð við Airbnb.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni. Þar segir að þessu til viðbótar hafi gistinætur erlendra ferðamanna utan hefðbundinna gististaða verið áætlaðar rúmlega 55 þúsund.

Af erlendum ferðamönnunum voru bandaríkskir með flestar gistinætur, ríflega 369 þúsund. **– sar**

## Huawei siglir fram úr Apple

**TÆKNI** Kínverski raftækjarisinn Huawei er orðinn næststærsti snjallsímaframleiðandi heims og hefur þar með tekið fram úr Apple.

Þetta kemur fram í gögnum greiningarfyrirtækja sem ýmsir erlendir miðlar greina frá.

Vöxt Huawei má að mestu rekja til vinnu fyrirtækisins á evrópskum snjallsímamarkaði og aukins forskots heima í Kína.

Samkvæmt bæði IHS og Strategy Analytics hefur Huawei nú rúmlega 15 prósenta markaðshlutdeild, Apple rúmlega tólf prósent og Samsung nærri tuttugu prósent. **– þea**

# Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi í máli stuðningsfulltrúa

Ekki var talin nægileg sönnun um um sekt stuðningsfulltrúa sem var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fjórum börnum og andlega fötluðum manni. Þetta kemur fram í dómi Héraðsdóms Reykjaness. Nokkur líkindi hafi verið fyrir sekt en orð standi gegn orði. Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómnum til Landsréttar.



**Við þingfestingu málsins gegn stuðningsfulltrúanum í Héraðsdómi Reykjaness í maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja sýknudómi Héraðsdóms Reykjaness í máli gegn stuðningsfulltrúa sem ákærður var fyrir kynferðisbrot gegn börnum.

Dómurinn, sem var kveðinn upp síðastliðinn mánudag, var birtur á vef héraðsdómstólanna í gær. Ekki eru taldar færðar viðhlítandi sönnur á, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sekt stuðningsfulltrúans sem var sýknaður af öllum ákærum um kynferðisbrot gegn fjórum börnum og andlega fötluðum manni.

Þar segir að það sé álit dómsins að með framburði brotaþola og vitna hafi nokkur líkindi verið færð að sekt hins ákærða. Hins vegar verði ekki horft fram hjá því að orði standi gegn orði. Þau óbeinu sönnunargögn sem fram hafi komið nægi ekki til sakfellingar.

Áréttað er að þrátt fyrir að fleiri en einn hafi borið ákærða sökum, sem kunni að renna stoðum undir framburð brotaþola, verði engu að síður að koma fram fullnaðarsönnun varðandi hvert brot.

Stuðningsfulltrúinn var í ágúst í fyrra kærður fyrir kynferðisbrot gegn dreng. Brotin áttu að hafa átt sér stað á árunum 2004-2010 þegar drengurinn var sjö til þrettán ára.

Lögregla hóf í kjölfarið rannsókn á málinu og bættust fleiri einstaklingar við sem lögðu fram kæru á hendur stuðningsfulltrúanum. Hann var handtekinn í janúar síðastliðnum og dæmdur í gæsluvarðhald þar sem hann sat þar til sýknudómurinn féll.

Stuðningsfulltrúinn hefur frá upphafi neitað sök í öllum ákæruliðunum. Í dómnum eru rakin tengsl hans við brotaþolana fimm. Í öllum tilvikum var um að ræða tengsl við fjölskyldur viðkomandi brotaþola.

> Áréttað er að þrátt fyrir að fleiri en einn einstaklingur hafi borið ákærða sökum, sem kunni að renna stoðum undir framburð brotaþola, verði engu að síður að koma fram fullnaðarsönnun varðandi hvert brot.

Þannig kemur fram að allir brotaþolarnir hafi gist heima hjá hinum ákærða og í sumum tilvikum gist með honum á ferðalögum. Eiga meint brot að hafa átt sér stað við þær aðstæður.

Dómnum þótti framburður brotaþola trúverðugur. Hjá sumum hafi þó gætt ákveðins misræmis sem gæti skrifast á það að langt var um liðið og að þeir hafi verið börn á umræddum tíma.

Varðandi framburð tveggja brotaþola, sem eru systkini, segir að það dragi úr trúverðugleika þeirra að fjölskylda viðkomandi hafi vitað af málinu í nokkurn tíma. Málið hafi verið til umræðu innan fjölskyldunnar í einhvern tíma og ekki hægt að útiloka að fjölskyldan hafi samræmt eitthvað um framburð sinn.

Þá er því haldið til haga að við leit á heimili ákærða og í tölvubúnaði hans hafi ekkert fundist sem væri saknæmt eða gæti rennt stoðum undir sekt. **sighvatur@frettabladid.is**




HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi**

# SUMAR ÚTSALA



**35% afsláttur af ÖLLUM ferðavörum**
meðan birgðir endast

## Afgreiðslutími um Verslunarmannahelgina

**Föstudagur 3. ágúst**
Hefðbundin afgreiðslutími
Opið frá 08:00-13:00 í vestmannaeyjum

**Laugardagur 4. ágúst**
Hefðbundin afgreiðslutími
Lokað í vestmannaeyjum

**Sunnudagur 5. ágúst**
Allar verslanir lokaðar

**Mánudagurinn 6. ágúst**
Allar verslanir lokaðar

Sjá aðra afgreiðslutíma á www.husa.is

# Síðustu dagar
# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40%
Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 50% · Trjáplöntur 50%
Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30% · Garðrósir 50%
Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40%
Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30%
Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% · Bökunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Hitakönnur 30%
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25%
Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% · Harðparket (valdar vörur) 30-40%
Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

# Pallaefni útsala

Komdu og fáðu útsölutilboð í pallinn

AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
628640
**175 kr/lm**
~~234~~ kr/lm



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.















Holurnar í veginum um Vatnsnes eru sjálfsagt óteljandi eins og hólarnir í Vatnsdal. MYND/GUÐRÚN ÓSK STEINBJÖRNSDÓTTIR

# Klóra sér í höfðinu yfir holóttum Vatnsnesvegi

**Engin breyting til batnaðar hefur orðið á þjóðvegi 711 um Vatnsnes þótt heimamenn hafi kvartað undan slæmu ástandi hans um árabil og skorað á Alþingi að tryggja fé í varanlegar úrbætur. Umferð ferðamanna um veginn hefur stóraukist.**

**SAMGÖNGUR** Íbúar og ferðaþjónustuaðilar á Hvammstanga og Vatnsnesi eru langþreyttir á slæmu ástandi Vatnsnesvegar.

Sigurður Líndal Þórisson, formaður Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu og framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, segir tveggja ára gamla yfirlýsingu félagsins frá því í lok júlí 2016 enn eiga við. Þar var viðvarandi sinnuleysi á viðhaldi og uppbyggingu vegarins harmað og skorað á stjórnvöld að fjármagna úrbætur til framtíðar.

„Við höfðum getað sent þessa yfirlýsingu frá okkur á hverjum degi síðan. Ástandið er enn þá mjög slæmt,“ segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar er Vegagerðin að gera sitt besta miðað við aðstæður en vegurinn haldist þó einungis þokkalegur í stuttan tíma eftir að hann er heflaður.

„Ástandið var fínt í upphafi sumars en svo kom smá rigningatímabil sem fór alveg með þetta. Það er engin framtíðarlausn í því að standa í þessu áfram með því að eyða peningum í viðhald.“

Heimamenn undrast litlar undirtektir ríkisvaldsins. Sigurður segir nauðsynlegt að Alþingi tryggi fjárveitingu til þess að ráðast í varanlegar úrbætur á veginum.

„Það er vaxandi umferð um veginn enda mjög falleg leið. Þarna koma margir ferðamenn til að skoða selalátur og Hvítserk.“

Í síðustu viku varð bílvelta á veginum þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum eftir að hafa keyrt í holur á veginum. Ökumaðurinn slapp ómeiddur en bíllinn skemmdist töluvert.

Í nýlegri skýrslu sem Markaðsstofa Norðurlands vann fyrir Ferðamálastofu um áfangastaðaáætlun fyrir landshlutann var Vatnsnesvegur meðal fimmtán verkefna sem lagt var til að sett yrðu í forgang.

Í skýrslunni segir að breikka þurfi veginn, leggja á hann bundið slitlag og bæta við útskotum. Vegurinn er sagður lífæð ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra. **sighvatur@frettabladid.is**

## Vegur 711 um Vatnsnes




> **Ástandið var fínt í upphafi sumars en svo kom smá rigningatímabil sem fór alveg með þetta.**
>
> Sigurður Líndal Þórisson, formaður Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu og framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands




**20%**
**afsláttur**

## Grilllæri Hagkaups

Sérvalið, sérsnyrt og marinerað með
ferskum kryddjurtum

**1.999** kr/kg

Verð áður **2.499** kr/kg

Tilboð gilda út 6. ágúst




**15%**
**afsláttur**




**20%**
**afsláttur**

### Smash style hamborgarar
2 x 120 g

**501** kr/stk

Verð áður 589 kr/stk

### Smash style hamborgarar
2 x 140 g

**552** kr/stk

Verð áður 649 kr/stk

### Grillbringur

Spicy lemon, Black garlic og Indian style

**1.999** kr/kg

Verð áður **2.499** kr/kg



### Ora grillsósur

Gott með grillmatnum.

verð frá **399** kr/stk




### Hagkaupssósur

Gera góðan mat betri.

verð frá **349** kr/stk



### Grillbakkar Hagkaups

Tilbúnir á grillið.

verð frá **649** kr/stk

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP**
*Meira svona alla daga*

# Íhuga að skrá Iceland Seafood á aðalmarkað Kauphallarinnar

**VIÐSKIPTI** Stjórn Iceland Seafood International hyggst kanna möguleikann á því að skrá sjávarútvegsfélagið á aðalmarkað Kauphallarinnar í kjölfar kaupa þess á Solo Seafood, eiganda spænsku félaganna Icelandic Iberica og Ecomsa og argentínska félagsins Achernar.

Hlutabréf félagsins hafa verið skráð á First North-markaðinn, sem er einkum hugsaður fyrir lítil og meðalstór vaxtarfyrirtæki, frá því í maí árið 2016. Aðeins eitt sjávarútvegsfélag, HB Grandi, er skráð á aðalmarkaðinum.

Helgi Anton Eiríksson, forstjóri Iceland Seafood International, segir alveg ljóst að með kaupunum á Solo Seafood sé félagið að stækka verulega við sig. „Í raun má segja að félagið sé komið í slíka stærð að það eigi mögulega heima á aðalmarkaðinum. Þetta er í skoðun hjá okkur og engin ákvörðun hefur verið tekin. Það er svo verkefni stjórnarinnar og að lokum hluthafa að fjalla um og taka ákvörðun um slíkt," nefnir hann.



**Helgi Anton Eiríksson, forstjóri Iceland Seafood International.**

Forsvarsmenn Iceland Seafood International og Solo Seafood skrifuðu á þriðjudag undir samning um kaup fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda en kaupverðið, sem er greitt með útgáfu nýrra hlutabréfa, nemur um 7,8 milljörðum króna.

Eigendur Solo Seafood – Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, Hjörleifur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Icelandic Iberica, FISK-Seafood, Jakob Valgeir og Nesfiskur – munu í kjölfar viðskiptanna eignast um 44 prósenta hlut í Iceland Seafood International. **– kij**

# Efast um að spá Icelandair gangi eftir

**Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir Icelandair Group þurfa að vinna varnarsigur á þriðja fjórðungi til að afkomuspá félagsins gangi eftir. Afkoma annars fjórðungs var talsvert lakari en greinendur höfðu spáð. „Félagið þarf að breytast," segir forstjórinn.**

**VIÐSKIPTI** Til þess að afkoma Icelandair Group í ár verði í samræmi við spá stjórnenda félagsins þarf félagið að vinna mikinn varnarsigur á þriðja fjórðungi ársins. Markaðurinn virðist hins vegar ekki hafa trú á því að svo verði. Þetta segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, um uppgjör Icelandair Group fyrir annan fjórðung ársins, sem birt var í fyrradag, en afkoma á fjórðungnum reyndist umtalsvert lakari en greinendur höfðu gert ráð fyrir.

„Félagið þarf að breytast," sagði Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, á fundi með fjárfestum í gærmorgun. „Það er ljóst að árið er snúið hjá okkur en við erum í endalausum aðgerðum til þess að reyna að breyta þessari niðurstöðu," nefndi forstjórinn.

Fjárfestar brugðust harkalega við uppgjöri ferðaþjónustufélagsins en til marks um það féllu hlutabréf í félaginu um 10 prósent í verði og riflega 4,2 milljarðar af markaðsvirði þess þurrkuðust út í Kauphöllinni í gær.

Gengi hlutabréfanna nam 7,85 krónum á hlut við lokun markaða síðdegis í gær og hefur fallið um hátt í 80 prósent frá því það var hvað hæst í apríl árið 2016. Hefur virði félagsins lækkað á sama tíma úr 195 milljörðum króna í 38 milljarða.

Icelandair Group tapaði 25,7 milljónum dala, jafnvirði 2,7 milljarða króna, á öðrum fjórðungi ársins borið saman við 15,5 milljóna dala hagnað á sama tímabili í fyrra. EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – nam 14,7 milljónum dala á fjórðungnum og dróst saman um 64 prósent frá fyrra ári.

Í tilkynningu frá félaginu kom fram að þrýstingur á fargjöld, lakari sætanýting og einskiptiskostnaður vegna truflana í flugáætlun skýrðu verri afkomu á milli ára.

Sérfræðingur á fjármálamarkaði sem Fréttablaðið ræddi við segir að þrátt fyrir að fjárfestar hafi búist við slæmu uppgjöri – í ljósi þess að félagið lækkaði afkomuspá sína fyrir árið um 30 prósent í síðasta mánuði – þá hafi rekstrarniðurstaða annars fjórðungs komið markaðinum í opna skjöldu.

„Uppgjör Icelandair olli vonbrigðum," segir Stefán Broddi, „og afkoman reyndist enn lakari en væntingar markaðarins stóðu til." Það komi kannski spánskt fyrir sjónir þar sem félagið hafi nýverið fært afkomuspá sína niður.

„Afkoman á öðrum ársfjórðungi, ytri aðstæður og skilaboð stjórnenda samhliða uppgjörinu leiða til þess að miklar efasemdir virðast uppi um að félagið nái yfirhöfuð að skila þeirri afkomu yfir árið í heild," bætir Stefán Broddi við.




**Icelandair Group tapaði 2,7 milljörðum króna á öðrum fjórðungi ársins en félagið hafði ekki skilað tapi á fjórðungnum síðan 2010.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**10%**

**var lækkunin á gengi hlutabréfa Icelandair Group í Kauphöllinni í gær.**

**Það er ljóst að árið er snúið hjá okkur en við erum í endalausum aðgerðum til þess að reyna að breyta þessari niðurstöðu.**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group



### Segja allt þurfa að ganga upp

Hagfræðideild Landsbankans segir í skeyti til viðskiptavina sinna að svo virðist sem „allt þurfi að ganga upp" til þess að afkoma félagsins í ár verði í efri mörkum afkomuspár stjórnenda þess, en stjórnendurnir gera ráð fyrir að EBITDA ársins verði á bilinu 120 til 140 milljónir dala. Erfitt sé að sjá að því markmiði verði náð. Telja greinendurnir líklegt að stjórnendur Icelandair Group geri ráð fyrir „góðum hækkunum" á flugfargjöldum á seinni hluta ársins.

Björgólfur nefndi á fundinum að verð á þotueldsneyti, sem er næststærsti kostnaðarliður félagsins, hefði hækkað um riflega 60 prósent á síðustu tveimur árum. Á sama tíma hefðu fargjöld farið hratt lækkandi á mörgum mörkuðum félagsins, sér í lagi á markaðinum fyrir flug yfir Norður-Atlantshafið. Núverandi aðstæður gætu vart haldist óbreyttar.

„Við reiknum með því að til framtíðar muni meðalfargjöldin fara upp á við," sagði hann. „Það er mikil umræða um það á meðal stórra félaga sem starfa á Atlantshafinu að meðalfargjöld séu of lág."

Að sama skapi sagðist hann telja að til lengri tíma myndi gengi krónunnar veikjast frá því sem nú er sem hefði jákvæð áhrif á afkomu félagsins. **kristinningi@frettabladid.is**





BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI collezione
MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Rýming
Lokadagar
80%
afsláttur af
öllum vörum


Ýmsir hræðast það að leyfa prentun skotvopna. NORDICPHOTOS/AFP

# Prenta ekki byssur strax

**BANDARÍKIN** Robert Lasnik, alríkisdómari í bandarísku borginni Seattle, skipaði vefsíðunni DEFCAD í fyrrinótt að taka þrívíddarprentunarskrár fyrir skotvopn úr birtingu.

Úrskurðurinn var nýjasta vending í baráttunni gegn frjálsri þrívíddarprentun skotvopna en Defense Distributed, fyrirtækið á bak við DEFCAD, komst í síðasta mánuði að samkomulagi við yfirvöld, eftir fjögurra ára málaferli, um að heimila birtingu skránna þann fyrsta ágúst.

**Fréttablaðið fann auðveldlega þrívíddarprentunarskrárnar sem teknar voru úr sölu.**

Samkomulagið var umdeilt og átta ríki Bandaríkjanna greindu frá því í sameiginlegri yfirlýsingu á mánudag að þau myndu gera sitt besta til að fá samkomulaginu hnekkt fyrir dómstólum. Tuttugu önnur ríki lýstu svo stuðningi við markmiðið.

Þá hafði DEFCAD nú þegar birt skrárnar, gerði það fjórum dögum áður en heimilt var, og þeim verið hlaðið niður mörg þúsund sinnum. Um prentunarskrár fyrir tíu mismunandi skotvopn var að ræða og sagði miðillinn Ars Technica frá því að þar á bæ hefðu menn getað náð í skrár til að prenta virka eftirlíkingu af AR-15 hríðskotariffli.

Skrárnar eru enn í dreifingu og gat Fréttablaðið auðveldlega fundið þær á niðurhalssíðum.

Í úrskurði sínum sagði Lasnik að komist þessi órekjanlegu þrívíddarprentuðu skotvopn og prentunarskrárnar í dreifingu muni það hafa neikvæðar afleiðingar. „Það eru þrívíddarprentarar í háskólum og víða á meðal almennings. Það má leiða líkur að því að þrívíddarprentuð skotvopn muni valda óafturkræfum skaða.“ – þea

# Átök vegna kosninganna

**SIMBABVE** Ofbeldi braust út á milli stjórnarandstöðuusinna og lögreglu í Harare, höfuðborg Simbabve, í gær. Stuðningsmenn stjórnarandstöðuflokksins Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbætur (MDC) voru að mótmæla töfum á tilkynningu úrslita í forsetakosningum mánudagsins þegar til átakanna kom.

Eftirlitsfólk á vegum ESB hefur lýst yfir áhyggjum sínum af biðinni og MDC hefur ítrekað haldið því fram að niðurstöðunum hafi verið hagrætt.

Nelson Chamisa, frambjóðandi MDC, þykir næstsigurstranglegastur í kosningunum á eftir sitjandi forseta, Emmerson Mnangagwa. Flokkur hins síðarnefnda, Afríska þjóðarbandalag Simbabve (ZANU-PF), virtist í gær hafa unnið stóran meirihluta á þinginu miðað við þær tölur sem höfðu verið gerðar opinberar. – þea

# Google hannar leitarvél með ritskoðun fyrir Kínverja

**TÆKNI** Google vinnur nú að nýrri leitarvél fyrir kínverskan markað. Samnefnd leitarvél fyrirtækisins er á svarta listanum þar í landi, er sum sé á bak við Netkínamúrinn svokallaða líkt og fjölmargar aðrar síður sem sýna eða veita aðgang að efni sem kínverska ríkisstjórnin telur óæskilegt.

The Intercept greindi frá málinu í gær en miðillinn hefur í fórum sínum lekin skjöl frá stórfyrirtækinu um verkefnin. Innan Google er verkefnið kallað Drekafluga og hefur verið unnið að því síðan síðasta vor. Aukinn þungi var svo settur í verkefnið eftir að framkvæmdastjórinn Sundar Pichai fundaði með kínverskum embættismönnum í desember.

Ekki á að verða hægt að finna neitt sem kínverska ríkisstjórnin vill ekki að almenningur þar í landi fletti upp. Yfirvöld hafa til að mynda bannað vefsíður sem innihalda upplýsingar um andstæðinga stjórnvalda, tjáningarfrelsi og atburðina á Torgi hins himneska friðar 1989. Google mun því setja síu í leitarvél sína svo niðurstöður sem nú þegar eru á bak við Netkínamúrinn finnist ekki.

Þá mun ekki heldur verða hægt að fletta upp ákveðnum bannorðum. Verði það reynt, samkvæmt skjölunum sem Intercept hefur, munu engar niðurstöður birtast.



Verkefnið er umdeilt innan veggja fyrirtækisins. NORDICPHOTOS/GETTY

Google vildi ekki svara spurningum Intercept um málið en heimildarmaður, sem vildi ekki láta nafns síns getið þar sem þau sem starfa að verkefninu mega ekki ræða við fjölmiðla, sagði samstarfsmenn sína hafa áhyggjur af því að verkefnið stangist á við almenna siðferðiskennd.

Starfsmaðurinn sagðist sjálfur andsnúinn því að stórfyrirtæki ynnu með yfirvöldum að kúgun sem þessari. Ritskoðun Kínverja og aðstoð Google gæti verið slæmt fordæmi fyrir önnur ríki. – þea


Aþenubúar mótmæltu viðbragðsleysi yfirvalda í hljóði á mánudag. Að minnsta kosti 92 fórust í skógareldunum á Attíkuskaga í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

# Í mál við yfirvöld vegna eldanna

**Yfirvöld, slökkvilið, almannavarnir og lögregla sökuð um alvarlega vanrækslu og manndráp af gáleysi. Skógareldarnir á Attíkuskaga kostuðu að minnsta kosti 92 lífið. Lögregla beindi ökumönnum í veg fyrir eldinn.**

**GRIKKLAND** Fjölskylda tveggja fórnarlamba skógareldanna í Mati og nærliggjandi bæjum á Attíkuskaga Grikklands, sem kostuðu 92 lífið í síðustu viku, hefur lagt fram kæru á hendur yfirvöldum fylkisins, almannavörnum, slökkviliði og lögreglu. Reuters greindi frá í gær en yfirvöld eru meðal annars sökuð um íkveikju vegna vanrækslu, morð og manndráp af gáleysi.

„Ég tel að þau sem áttu að vernda fólk, áttu að slökkva eldana og í raun koma í veg fyrir að þeir kviknuðu, verði sakfelld,“ sagði Antonis Foussas, lögmaður fjölskyldunnar, við Reuters. Sagðist hann jafnframt rannsaka hvernig eldarnir kviknuðu og hvort viðbrögð yfirvalda hafi verið fullnægjandi.

Fórnarlömbin, hjón á áttræðisaldri, voru bæði á flótta undan eldunum þegar þau fórust. Lík þeirra fundust um 400 metra frá heimilum þeirra.

Þar kom enn fremur fram að enginn embættis- eða yfirmaður frá fylkinu, sveitarfélaginu, lögreglu, slökkviliði eða almannavörnum hafi verið á svæðinu, að enginn hafi látið íbúa vita af hættunni og að ekki hafi verið gefin fyrirmæli um að rýma skyldi svæðið.

Gríski prófessorinn Vassilis Digalakis greindi frá því í gær að lögregla hefði fyrir mistök beint ökumönnum í ógöngur er hún stýrði umferð í Mati. Í stað þess að beina bílum til baka út úr bænum á stofnbraut bæjarins voru bílstjórar sendir inn á þau svæði sem eldurinn stefndi á.

Að sögn Digalakis var ekki um að ræða nokkurn ásetning um að stefna ökumönnum í hættu heldur hafi verið um algjört samskiptaleysi lögreglu, slökkviliðs og yfirvalda að ræða. Digalakis kenndi Almannavarnastofnun Grikklands um samskiptaleysið og sagði hana hafa brugðist skyldu sinni algjörlega.

Tugir dóu er þeir reyndu að flýja eftir að hafa lent í umferðarteppu í Mati. Að minnsta kosti 305 bílar eyðilögðust í eldsvoðanum. Svo heitt varð að álfelgur og rúður bílanna einfaldlega bráðnuðu.

Þá hefur sömuleiðis verið greint frá því að engin opinber neyðartilkynning hafi verið send út. Því hafi íbúar varla fengið neinn tíma til að bregðast við. Þá hafi skipulag bæjarins, þröngar götur, botnlangar og skortur á opnum svæðum, verið til þess fallið að hindra að fólk kæmist undan.

Kallað hefur verið eftir afsögn Yannis Kapakis, yfirmanns Almannavarnastofnunar. Kapakis sagði í viðtali í sjónvarpi, fjórum dögum fyrir hamfarirnar, að jafnt á sjó sem landi væri viðbúnaðarstigið hátt. Ekki hefur verið orðið við því ákalli. Reyndar hefur enginn embættismaður sagt af sér vegna málsins, að því er BBC greinir frá.

Greek Reporter greindi frá því að ríkisstjórnin ætli að rífa 3.185 ólöglegar byggingar við strendur Attíkuskaga. Á fimmtudag sagði Panos Kammenos varnarmálaráðherra að íbúar sjálfir bæru ábyrgð á eldsvoðanum með því að hafa reist byggingarnar í leyfisleysi og þannig lokað flóttaleiðum. Yfirvöld hafa áður haldið því fram að svo virðist sem um íkveikju hafi verið að ræða.

Dimitris Tzanakopoulos, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, sagði á þriðjudag að ríkisstjórnin ætlaði að hefja niðurrif hið fyrsta og að sérfræðingar væru sammála um að byggingarnar hefðu gert illt verra í hamförunum. Grískir blaðamenn minntu svo á að fjölmargar ríkisstjórnir hefðu lofað að rífa byggingarnar en við það hefði ekki verið staðið vegna ótta við að baka sér óvinsældir. thorgnyr@frettabladid.is

## Loukoumakis bjargað

Talið er að fjölmörg dýr, jafnvel hundruð, hafi drepist í skógareldunum. Reuters greindi frá því í gær að Artemis Kyriakopoulou, sjálfboðaliða hjá dýrahjálparsamtökum á svæðinu, hafi þó tekist að bjarga einu, hundi.

„Ég sá eitthvað þarna sem leit út eins og ofn. Mér datt í hug að ef eitthvað væri á lífi þarna hlyti það að vera inni í honum,“ sagði Kyriakopoulou og bætti því við að hundinum hafi verið hjúkrað og hann þrifinn. Trúlega væri um að ræða flækingshund, fjögurra ára gamlan, og hann hefur fengið nafnið Loukoumakis.

Hundurinn er nú í umsjón konu að nafni Diana Topali þar til varanlegt heimili finnst. „Meira að segja augnhárin á honum eru brennd. Það er ótrúlegt að hann hafi lifað af. Hann leit bara út eins og sviðið, úfið teppi,“ sagði Topali við Reuters.

> **Ég tel að þau sem áttu að vernda fólk [...] verði sakfelld.**
>
> Antonis Foussas lögmaður

# GLÆPIR, GLEÐI OG BÓKIN




Undraherbergið
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




Lífið heldur áfram
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 2.999.-




Óttinn
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-




Hözzlaðu eins og þú verslar
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




Límmiðabók - Fánar
VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð: 2.299.-




Heimsendir
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




Slímbók Sprengju-Kötu
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 2.999.-




Köld slóð
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 2.999.




Stalín
VILDARVERÐ: 4.899.-
Verð: 5.799.-




Vegahandbókin
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 4.999.-




Forystu-Flekkur
og fleiri sögur
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




Syndaflóð
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 7. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Kirkjufell dregur til sín ljósmyndara hvaðanæva. Hér getur að líta túlkun Harðar Sveinssonar ljósmyndara á mynd sem hlotið hefur verðlaun.** FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR SVEINSSON

# Fyrirsætan Kirkjufell

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Vestan við Grundarfjörð á norðanverðu Snæfellsnesi er eitt laglegasta fjall á Íslandi, Kirkjufell. Nafnið ber það með rentu, enda ítrekað verið valið sem eitt af fallegustu fjöllum jarðar á erlendum vefsíðum. Valið kemur íbúum Grundarfjarðar engan veginn á óvart sem njóta mikilfenglegs fjallsins í návígi hvern einasta dag. Kirkjufell er sérlega vinsælt hjá ljósmyndurum og sennilega er ekkert fjall á Íslandi ljósmyndað oftar, gjarnan með fossinn í Kirkjufellsá í forgrunni. Í dag er Kirkjufell því einn helsti ferðamannastaðurinn á Snæfellsnesi en frægð þess á sér mun lengri sögu, enda löngum verið eitt helsta kennileiti á Snæfellsnesi ásamt Ljósufjöllum og Snæfellsjökli. Það sést vel af sjó og danskir kaupmenn sem stunduðu verslun við Breiðafjörð kölluðu það gjarnan Sukkertoppen, með tilvísun í flórsykraða köku þegar snjóað hafði á toppinn. Fjallið er 463 metra hátt.

Það eru aðeins 173 km frá Reykjavík að Grundarfirði og því auðveldlega hægt að skoða fjallið í dagsferð. Skemmtilegra er þó að taka sér góðan tíma, enda margt að skoða í nágrenninu eins og Berserkjahraun, Helgrindur og Kolgrafafjörð. Tilvalin gönguleið og hættulítil er að ganga í kringum Kirkjufell og tekur það um þrjár klukkustundir. Erfiðara er að klífa efsta toppinn og er það aðeins fyrir vant göngufólk og alls ekki fyrir lofthrædda. Mikilvægt er að hafa staðkunnugan með í för enda auðvelt að villast af leið í klettabeltinu þegar þræða þarf kræklóttar klettasyllur. Þarna hafa mannskæð slys orðið og því mikilvægt að fara varlega. Fyrir gönguna þarf hjálm, göngubelti og göngustafi en við mælum einnig með ísöxi þegar gengið er í sleipu grasinu. Einnig er æskilegt að hafa með línu þótt hennar sé sjaldan þörf, enda eru fastir kaðlar á bröttustu köflunum efst. Gangan upp tekur innan við þrjár klukkustundir.

Af tindi Kirkjufells er frábært útsýni, meðal annars yfir Breiðafjörðinn í heild sinni og Breiðafjarðareyjarnar en einnig sést vel til Helgrinda og Ljósufjalla. Loks sést í toppinn á Snæfellsjökli (1.485 m) og nánast er horft ofan á bæinn Grundarfjörð. Í klettabeltinu er gaman að virða fyrir sér ýmsa sjófugla sem virðast kunna vel við sig, ekki síst efst þar sem þeir skilja eftir fugladrit sem gerir topp Kirkjufells að þeim grónari á Íslandi. Loks má nefna að yfir hásumarið er valkostur fyrir vant fjallafólk að toppa Kirkjufell á miðnætti, en miðnætursólin er óvíða fallegri eins og við höfum sjálfir sannreynt.



**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



**Gönguhópur kastar mæðinni og virðir fyrir sér útsýnið yfir Grundarfjörð í kvöldsólinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI



**Fjallið er bratt og fara þarf með gát á milli klettabelta, en ekki síður þegar farið er upp eftir köðlum síðasta spölinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR MÁR



**Slegið upp búðum á toppi í miðnætursól.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Morgunstund á Kirkjufelli getur verið blíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



**Feta þarf einstigi á milli klettabeltanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# skólatöskur

**AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM**

5.999 kr. | 10.990 kr. | 6.990 kr. | 7.999 kr. | 6.990 kr.




A4 klúbburinn
5% INNEIGN AF ÖLLUM KAUPUM


**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4 SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# Pólitískir loddarar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Í þjóðaratkvæðagreiðslum hlýtur ætíð að vera betra að þjóð viti um hvað hún er að kjósa en hafi ekki ranghugmyndir um það. Breska þjóðin gekk til kosninga um Brexit og andstæðingar Evrópusambandsins lofuðu henni gulli og grænum skógum ef hún afneitaði alþjóðasamtökunum. Það gerði afar naumur meirihluti bresku þjóðarinnar, mjög óvænt, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Andstæðingar Evrópusambandsins um allan heim glöddust svo mjög að engu var líkara en þeir hefðu himin höndum tekið. Þeir túlkuðu sigurinn sem sigur fólksins yfir illu og yfirþyrmandi bákni sem þeir segja öllu vilja ráða. Þegar kemur að Evrópusambandinu sjá andstæðingar þess, hér á landi sem annars staðar, skrattann í hverju horni. Þegar þeir æstustu fara hamförum í fordæmingu sinni minna þeir stundum á litlu stúlkuna í The Exorcist, hausinn fer að snúast og formælingarnar streyma út úr þeim. Þá er skiljanlega erfitt að eiga við þá rökræður.

Það voru engin sérstök rök fyrir því að Bretar ættu að ganga úr Evrópusambandinu. Forvígismenn úrsagnar töluðu eins og landið myndi fljóta í mjólk og hunangi yrði Brexit að veruleika. Í áróðri var alið á þjóðernishyggju og andúð á útlendingum. Áherslan var á það að úrsögn myndi leiða til þess að innflytjendur myndu ekki lengur streyma til Bretlands. Þetta var áróður í anda Donalds Trump og einkenndist af blekkingum og lygum.

Eftir Brexit er upplausn orðin í breskum stjórnmálum. Örvænting forsætisráðherrans, Theresu May, verður greinilegri með hverjum degi. Á meðan vex gremja meðal þjóðarinnar sem hefur æ meiri efasemdir um ágæti Brexit. Í nýlegri skoðanakönnun Sky kemur fram að 51 prósent aðspurðra telur að áhrif Brexit verði slæm.

Hvað á að gera þegar þjóð gerir sér grein fyrir því að hún kaus rangt í kosningum? Í hinu daglega lífi getur fólk yfirleitt fremur auðveldlega leiðrétt mistök sín, nema þau séu því verri. Eftir kosningar þarf fólk stundum að sitja uppi með þá staðreynd að það kaus kolrangt en getur ekki bætt fyrir það fyrr en í næstu kosningum. Hópur Breta þrýstir á aðra þjóðaratkvæðagreiðslu um málið með þeim rökum að þjóðin hafi ekki fengið réttar upplýsingar um hvað útganga úr Evrópusambandinu myndi þýða. Skoðanakönnun Sky sýnir að ef kosið yrði um málið í dag myndi þjóðin kjósa að vera áfram í Evrópusambandinu.

Hér á landi var hópur stjórnmálamanna og áhrifafólks sem galaði beinlínis af fögnuði vegna úrslitanna í Brexit-kosningunni – úrslita sem Bretar harma nú almennt mjög. Þessir hörðu andstæðingar Evrópusambandsins virðast ekki hafa skipt um skoðun á Brexit, til þess hafa þeir ekki nægt þor.

Stórum hluta bresku þjóðarinnar á að vera ljóst að stjórnmálamenn brugðust upp til hópa í mikilvægu máli. Það er ekkert nýtt að stjórnmálamenn veiti falsvonir hjá kjósendum og beiti blekkingum, eins og gert var í Brexit. Góðu fréttirnar eru að yfirleitt kemst upp um pólitíska loddara, þótt stundum gerist það ævi seint. Vondu fréttirnar eru að nýir loddarar spretta upp eins og gorkúlur.

> **Þessir hörðu andstæðingar Evrópusambandsins virðast ekki hafa skipt um skoðun á Brexit, til þess hafa þeir ekki nægt þor.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Deilt við dómarann**

Birting sýknudómsins yfir „stuðningsfulltrúanum“ svokallaða í gær varð síst til þess að lægja þær reiðiöldur sem hann hefur kallað fram. Femíníska vefritið Knúz.is deildi frétt Vísis um dóminn með þessum orðum: „Það eru einmitt svona dómar sem auka trú alþýðu manna á dómskerfinu og hvetja brotaþola til að leita réttar síns.“ Sagði enginn. Aldrei. Rithöfundarnir Illugi Jökulsson og Guðmundur Brynjólfsson sögðust á Facebook hvorugur vera lögfræðingur en gerðu sínar athugasemdir. Illugi sagði að eftir lúslestur og að hafa heyrt í lögfræðingi sýndist honum dómurinn vera „algjör óhæfa“, og fái hann að standa „færist samfélagið áratugi aftur á bak í kynferðisbrota- og níðingamálum“.

**Metfjöldi lygavitna**

„Ef þessi dómur er réttur þá er hann líka mjög merkilegur. Merkilegur fyrir þær sakir að aldrei hefur áður, hér á landi, annar eins fjöldi af þjóðlygnum vitnum og brotaþolum gengið fyrir dómara,“ skrifaði Guðmundur og sagðist þrátt fyrir skort á laganámi vera víðlesinn og fjölfróður, „og þegar ég dreg það saman sem þarna er haft eftir fólki, þá kemst ég að þveröfugri niðurstöðu við Bergþóru Ingólfsdóttur dómara. Mér finnst það blasa við að maðurinn er sekur.“

thorarinn@frettabladid.is

# Ódýrara Ísland!



Þorsteinn Víglundsson
þingmaður Viðreisnar

Fram undan er vetur harðrar kjarabaráttu. Á sama tíma og hægt hefur á efnahagslífinu eru kröfur um miklar launahækkanir sem erfitt er að sjá hvernig atvinnulífið ráði við án þess að verðbólgan fari hér af stað að nýju. En kjarabætur verða ekki bara sóttar í kjarasamninga. Við getum ekki síður bætt kjörin með því að draga úr kostnaði neytenda. Ísland er dýrt, ekki aðeins fyrir ferðamenn, heldur ekki síður fyrir okkur sem búum hér. Vilji stjórnmálamenn liðka fyrir kjarasamningum á komandi vetri ættum við að leiða hugann að því hvernig við getum lækkað kostnaðinn við að búa hér á landi.

Fyrst ber þar auðvitað að nefna kostnaðinn við íslensku krónuna. Vextir eru hér himinháir fyrir almenning og fyrirtæki sem leiðir til hærri húsnæðiskostnaðar og vöruverðs. Þetta er ævagamalt vandamál en stjórnmálin hafa alltaf heykst á að taka á því. Við verðum að horfast í augu við kostnaðinn við sjálfstæða mynt. Endurskoðun peningastefnunnar á að hafa það að meginmarkmiði að vaxtakjör fyrir fólk og fyrirtæki verði sambærileg við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Það skiptir öllu máli en útilokar líkast til blessaða krónuna.

Í öðru lagi þurfum við að lækka matvælaverð. Mánaðarleg útgjöld fjögurra manna fjölskyldu eru um 80 þúsund krónum hærri til matarkaupa hér en á hinum Norðurlöndunum. Meginorsökin liggur í háu verði landbúnaðarafurða sem við verndum og heftum samkeppni með meira en flestar þjóðir. Við þurfum að endurskoða landbúnaðarstefnu okkar svo hún þjóni hvort tveggja neytendum og bændum. Aukin samkeppni er holl öllum atvinnugreinum, líka landbúnaði.

Í þriðja lagi: Setjum neytendur í fyrsta sæti. Höfum aukna samkeppni að leiðarljósi á öllum sviðum samfélagsins. Frjáls markaður er ekki fullkominn en engu að síður besta leiðin til að tryggja fjölbreytt framboð vöru og þjónustu á sem hagstæðustu verði. Það á við hvort sem við horfum til matvöruverslunar, bensínsölu, landbúnaðar, heilbrigðiskerfis eða fjölmiðlunar. Oft má heyra gagnrýni stjórnmálamanna á ónóga samkeppni á almennum markaði en á sama tíma er hvergi að finna meiri samkeppnishindranir en einmitt hjá því opinbera.

Það er kominn tími til að breyta þessu!

> **En kjarabætur verða ekki bara sóttar í kjarasamninga. Við getum ekki síður bætt kjörin með því að draga úr kostnaði neytenda.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is




Nýr **Opel Grandland X** verður kynntur 11. ágúst í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna

# Vonir og veðrabrigði

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Bangkok – Hann hét fullu nafni Phra Bat Somdet Phra Poraminthra Maha Chulalongkorn Phra Chunla Chom Klao Chao Yu Hua og var konungur Síams 1868-1910. Hann er betur þekktur sem Rama konungur V. Hann innleiddi nýja stjórnarhætti í Síam, sem heitir nú Taíland, afnam þrælahald og forðaði landinu undan ásælni erlendra nýlenduherra. Frökkum tókst að leggja undir sig Kambódíu, Laos og Víetnam í næsta nágrenni en ekki Síam. Bretar réðu Búrmu og Malasíu. Síam var því umkringt brezkum og frönskum nýlendum á alla vegu, eina sjálfstæða ríkið í Indókína.

**Kannski Noreg?**

Rama V fór til Evrópu 1897 að sækja sér fyrirmyndir og heimsótti þá m. a. Ítalíu, Sviss, Pólland, Rússland, Danmörku og Svíþjóð. Vel fór á með honum og Óskari II Svíakonungi, svo vel að Rama færði Óskari fíl að gjöf í kveðjuskyni. Hvernig endurgeldur maður svo veglega gjöf? spurði Óskar konungur æðstaráðgjafa sinn. Hvað get ég gefið Rama í staðinn? Kannski Noreg? spurði ráðgjafinn á móti. Norðmenn rufu konungssambandið við Svíþjóð 1905, tveim árum áður en Rama V kom aftur til Svíþjóðar 1907 á síðari yfirreið sinni um Evrópu og fór þá m. a. norður fyrir heimskautsbaug. Fyrsti háskóli Taílands, Chulalongkorn-háskóli, stofnaður 1917, heitir í höfuðið á Rama V en Rama V er þó trúlega frægastur í Evrópu og Ameríku fyrir söngleik Rodgers og Hammersteins, The King and I, og samnefnda kvikmynd þar sem Yul Brynner leikur Rama IV og Deborah Kerr leikur (fráskilda!) brezka kennslukonu sem kóngurinn fékk til að uppfræða konur sínar, Rama V og systkini hans. Tveir heimar takast á, þar er dramað, ástin blómstrar, börnin eru engin fyrirstaða, en allar þessar eiginkonur kóngsins í höllinni flækja stöðuna.

**Markaðsbúskapur og lýðræði**

Taíland er margfalt ríkara en grannlöndin mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann. Höfuðskýringin á þessum mikla mun er að Taíland var aldrei kommúnistaríki eins og Kambódía, Laos og Víetnam fyrir austan og Búrma sem heitir núna Mjanmar fyrir vestan. Taílendingar kusu heldur að stunda markaðsbúskap og fríverzlun að vestrænni fyrirmynd og vöktu heimsathygli fyrir góðan árangur í efnahagsmálum ásamt nokkrum öðrum löndum í Asíu og annars staðar. Herinn tók völdin í Taílandi 1932 og hélt þeim til 1973. Síðan þá hafa Taílendingar búið við lýðræði og herforingjaræði á víxl, t. d. við lýðræði 1995-2005 og aftur frá 2008 til 2013 þegar herinn tók völdin enn á ný. Búrma, Kambódía, Laos og Víetnam hafa á hinn bóginn ekki fengið að kynnast lýðræði nema í afskræmdri mynd.

**Bilin mjókka mishratt**

Menn tóku eftir miklum árangri Asíu-landanna um svipað leyti og




> **Sums staðar, einkum í suðurríkjum Sovétríkjanna sálugu, hafa kommúnistar haldið áfram að deila og drottna eins og ekkert hafi í skorizt. Annars staðar, einkum í Póllandi og Ungverjalandi, daðra stjórnvöld við fasisma.**

kommúnisminn hrundi í Sovétríkjunum og fylgiríkjum þeirra í Mið- og Austur-Evrópu 1989-1991. Hvort tveggja fyllti menn bjartsýni um efnahags- og lýðræðishorfur þessara landa. Sumar vonir rættust, aðrar ekki. Eistar drógu á Finna. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Eistlandi nam þriðjungi af kaupmætti þjóðartekna á mann í Finnlandi 2000 og tveim þriðju 2017. Eistar munu með sama áframhaldi standa jafnfætis Finnum innan tíðar eins og þeir gerðu árin milli heimsstyrjaldanna tveggja.

Sumir áttu jafnvel von á að Taíland myndi sigla fram úr mörgum Evrópulöndum fyrir 2020 eða jafnvel fyrr líkt og t. d. Suður-Kórea, en svo fór ekki. Tökum Ísland. Munurinn á kaupmætti þjóðartekna á mann á Íslandi og í Taílandi var fimmfaldur 1990, fjórfaldur 2000 og þrefaldur 2017. Munurinn á Íslandi og Taílandi nú er því hinn sami og munurinn á Finnlandi og Eistlandi um aldamótin 2000. Bilið hefur mjókkað. Með sama áframhaldi mun það taka Taílendinga a. m. k. mannsaldur enn að loka gapinu.

Mörg gömlu kommúnistaríkjanna hafa með líku lagi valdið vonbrigðum. Sums staðar, einkum í suðurríkjum Sovétríkjanna sálugu, hafa kommúnistar haldið áfram að deila og drottna eins og ekkert hafi í skorizt. Annars staðar, einkum í Póllandi og Ungverjalandi, daðra stjórnvöld við fasisma langt umfram leyfilega ESB-staðla. Í Póllandi var lögum breytt á þann veg að einstök framboð þurfa 5% kjörfylgi til að ná fulltrúum á þing og samsteypuframboð þurfa 8%. Þannig duttu 16% atkvæða niður dauð í kosningunum 2015 svo að stjórnarflokknum sem kennir sig við lög og rétt tókst að halda meiri hluta í þinginu með 38% atkvæða að baki sér. Allt var þetta með ráðum gert. Hljómar þetta kannski kunnuglega? Í alþingiskosningunum 2013 duttu 12% atkvæða niður dauð svo að gömlu helmingaskiptaflokkarnir náðu 60% þingsæta með 51% atkvæða að baki sér.

**Menn ganga mislangt**

Lýðræði á nú undir högg að sækja um allan heim. Bandaríkin eru ekki lengur óskorað lýðræðisríki, og það eru Ísland, Pólland og Ungverjaland ekki heldur. Bandarískir repúblikanar ganga langt til að svipta blökkumenn atkvæðisrétti. Báðir flokkarnir vestra breyta kjördæmamörkum frá einum þingkosningum til annarra í eiginhagsmunaskyni. Báðir ganga fyrir síauknum fjárstyrkjum auðmanna. Sumir ganga enn lengra. Hun Sen forsætisráðherra Kambódíu sl. 33 ár tryggði sér eitt kjörtímabil enn í kosningum á sunnudaginn var með því að loka sjálfstæðum fjölmiðlum og fangelsa leiðtoga stjórnarandstöðunnar. Hæstiréttur bannaði stjórnarandstöðuflokkinn.

# Inntak fullveldisins er menningin



Svavar Gestsson
ritstjóri

Í lok ræðu sinnar á Sturluhátíð á sunnudaginn sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra:

„Nú þegar við fögnum 100 ára fullveldisafmæli upplifum við enn og aftur umbreytingartíma, líkt og Sturlungaaldarfólk upplifði og þau sem börðust fyrir sjálfstæði Íslands. Nýtum þau tímamót til að velta fyrir okkur gildum komandi hundrað ára; hvernig við getum tryggt að eftir hundrað ár verði hér land þar sem við öll fáum að njóta okkar, jafnaðar- og velferðarsamfélag, þar sem ósnortin náttúra hefur verið vernduð og við tökum saman ákvarðanir eftir lýðræðislegum leikreglum. Þar skiptir ekki minnstu að muna hvaðan við komum og hver við erum. Mikilvægur þáttur í því er að standa vörð og efla okkar menningararf því hann er okkar mikilvæga framlag inn í heimsmenninguna. “

Þetta er kjarni málsins. Og það er menningin sem er undirstaða þess og forsenda að við erum Íslendingar á Íslandi en ekki Bandaríkjamenn eða Danir með fullri virðingu fyrir öllu þessu fólki. Þess vegna er mikilvægt að minnast þess á fullveldisárinu hvert er innihald fullveldisins, það er menningin. Oft er engu líkara í umræðunni um fullveldið en að það sé bara form, en ekki innihald. Formið er mikilvægt en það gerir enga stoð nema innihaldið sé skýrt

> **Það er menningin sem er undirstaða þess og forsenda að við erum Íslendingar á Íslandi en ekki Bandaríkjamenn eða Danir með fullri virðingu fyrir öllu þessu fólki.**

um leið og við segjum fullum fetum hvert við ætlum.

Sturluhátíðin á sunnudaginn var fullveldishátíð; húsfyllir og brennandi áhugi. Þar voru ekki bara samankomnir fræðimenn og sérlegir sérfræðingar eða áhugafólk um Sturlungu. Þarna var sérstaklega góð þátttaka úr byggðarlaginu.

Lokið er fornminjaskráningu á Staðarhóli þar sem Sturla bjó lengst. Fram undan er að kanna leiðir til að hefja fornleifarannsóknir í jörðu. Vegagerðin hefur þegar gert bílastæði við afleggjarann heim að Staðarhóli. Vissulega náði Staðarhóll um alla sveitina og þess vegna verður auðvelt að finna stað fyrir minningarreit um Sturlu Þórðarson en það er á döfinni. Þá er á döfinni að setja upp fjögur sérstök söguskilti á söguhringnum vestra. Það er Mjólkursamsalan, stærsta fyrirtæki í Dalabyggð, sem hefur kostað átakið og studdi auk þess myndarlega við fornminjaskráninguna.

Dalirnir eiga sögu umfram flest önnur byggðarlög. Það er ekki síst Sturlu Þórðarsyni að þakka. Þess vegna er upplagt að halda upp á afmæli hans um leið og minnt er á 100 ára fullveldi.

# Hvers vegna er stjórnarskráin brotin?



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

> **Lífeyrir aldraðra frá TR er við fátæktarmörk, dugar hvergi nærri.**

Hvers vegna er afstaða stjórnvalda á Íslandi neikvæð til eldri borgara? Hvers vegna eru stjórnvöld hér ekki að leggja sig fram um að bæta kjör aldraðra og gera þeim lífið sem léttast? Þannig er það í grannlöndum okkar. Þar leggja stjórnvöld sig fram um að gera lífið sem bærilegast, lífskjörin sem léttust síðasta hluta æviskeiðsins.

Formaður í samtökum eldri borgara, sem fór að heimsækja systursamtök sín í Danmörku fyrir mörgum árum, undraðist hvað stjórnvöld þar voru jákvæð í garð aldraðra; átti því ekki að venjast hér. Gott dæmi um neikvæða afstöðu til aldraðra er hjá núverandi ríkisstjórn.

Stjórnin hefur verið við völd í 8 mánuði en hún hefur ekki lyft litla putta til þess a bæta kjör eða aðstöðu aldraðra. Þó á að heita svo, að „róttækur sósíalistaflokkur“ veiti stjórninni forstöðu.

Hvað veldur sinnuleysi stjórnarinnar? Það er rannsóknarefni. Vinstri grænir skertu kjör aldraðra og öryrkja 2009 ásamt Samfylkingunni í kjölfar bankahrunsins en þá voru skuldir ríkisins orðnar yfir 200 milljarðar króna.

Það hefði því átt að vera kærkomið tækifæri fyrir VG nú að bæta kjör aldraðra og öryrkja, þegar staða þjóðarbúsins er orðin betri. En VG telur greinilega ekki þörf á því; heldur hagar sér eins og enn sé kreppa í landinu gagnvart þeim sem verst standa í þjóðfélaginu!

Ég hef minnst á það áður, að ég tel, að það hve lífeyri aldraðra og öryrkja er haldið lágum hér sé brot á stjórnarskránni.

Samkvæmt 76. gr stjórnarskrárinnar á ríkið að veita öldruðum og öryrkjum aðstoð, ef þarf. Það þarf frekari aðstoð til þeirra kvæntra aldraðra, sem eingöngu hafa 204 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Það lifir enginn af þeirri hungurlús.

Aðeins húsaleiga er hátt í 200 þúsund kr. á mánuði og þó húsnæðiskostnaður sé heldur lægri hjá þeim, sem eiga sitt húsnæði munar það ekki mjög miklu.

Þá er einnig eftir að greiða allan annan kostnað, matvæli, fatnað, samgöngukostnað, rafmagn, hita, síma, sjónvarp, tölvu, læknishjálp, afþreyingu, gjafir til barna og barnabarna, o.s.frv. o.s.frv.

Það er engin leið að lifa af þessum lága lífeyri, sem ríkið skammtar öldruðum og öryrkjum. Það er í rauninni verið að svelta aldraða og öryrkja með því að halda þeim svona niðri og neita að leiðrétta lífeyrinn.

Réttlætinu verður ekki frestað sagði Katrín Jakobsdóttir, þegar hún var í stjórnarandstöðu 2017 og var að gagnrýna Bjarna Benediktsson. Þá vildi hún ekki fresta leiðréttingu á lífeyri; vildi ekki fresta réttlætinu. Nú er hún að fresta því!!

Þó einhleypir aldraðir hafi nokkrum krónum hærri lífeyri munar það engum ósköpum. Einhleypir aldraðir, sem eingöngu hafa lífeyri frá TR, hafa 239 þús. á mánuði eftir skatt.

Síðan er það furðulegt, að stjórnvöld skuli komast upp með það að mismuna öldruðum og öryrkjum eftir því hvort þeir eru einhleypir eða í hjónabandi (eða sambúð). Það er svona svipað og sagt væri við verkamenn, að þeir fengju lægra kaup fyrir vinnu sína, ef þeir væru giftir! Það stenst ekki, hvorki hjá verkafólki né hjá öldruðum eða öryrkjum.

Það er engin spurning, að stjórnvöld eru að brjóta stjórnarskrána á öldruðum og öryrkjum. Það er furðulegt, að stjórn undir forustu „róttæks sósíalistaflokks“ skuli gera það. Það verður að stöðva brot á stjórnarskránni strax.

Ég hef undanfarið birt samanburð á kjörum aldraðra hér, á hinum Norðurlöndunum og innan OECD . Þessi samanburður leiðir í ljós að Ísland rekur lestina, að því er greiðslur ríkisins til eftirlauna varðar.

Það hefur lengi verið vitað að Norðurlöndin standa okkur framar í þessu efni en það kemur á óvart, að ríkin innan OECD skuli einnig standa okkur framar í þessu efni, miðað við eftirlaun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að íslenskir stjórnmálamenn hafa svikið aldraða að því er varðar greiðslu eftirlauna til þeirra. Íslenska ríkið hefur greitt þeim lægri eftirlaun en önnur OECD ríki til jafnaðar eða 2% af vergri landsframleiðslu miðað við 8% í ríkjum OECD. Samt hefur hagvöxtur verið meiri hér síðustu árin en í flestum löndum Evrópu.

Hvað verður um hagvöxtinn? Aldraðir njóta hans ekki.

# KRÓNAN

#Grillsnilld




## 100% hamborgara-búðin þín!

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599** kr. pk.




Gestus snakk, 175 g

**149** kr. pk.




## OPIÐ

VERSLUNARMANNAHELGINA*

12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

## KR-konur fyrstar til að vinna Íslandsmeistarana




Ein óvæntustu úrslit tímabilsins Katrín Ómarsdóttir tæklar Söndru Stephany Mayor Gutierrez í leik KR og Þórs/KA á Alvogen-vellinum í gær. KR bar sigur úr býtum, 2-1, og varð þar með fyrsta liðið til að vinna Íslandsmeistara Þórs/KA í Pepsi-deild kvenna í sumar. KR-konur eru á fínum skriði, hafa unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum og eru nú þremur stigum frá fallsæti. Norðankonur eru áfram í 2. sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Teljum okkur hafa fundið höggstaði í leiknum í Ísrael

**FH náði í fín úrslit þegar liðið mætti ísraelska liðinu Hapoel Haifa í fyrri leik liðanna í annarri umferð í forkeppni Evrópudeildarinnar í knattpyrnu karla ytra í síðustu viku. Liðin leiða saman hesta sína að nýju á Kaplakrikavelli í kvöld. Davíð Þór Viðarsson telur að leikmenn FH hafi séð veika bletti hjá Ísraelunum.**

**FÓTBOLTI** Það kemur í ljós í kvöld hvort Ísland mun eiga fulltrúa í þriðju umferð í forkeppni Evrópudeildar karla í knattspyrnu. FH, Valur og Stjarnan leika þá seinni leiki sína í einvígjum sínum í annarri umferðinni. FH og Valur eru í heimahögum sínum á meðan Stjarnan fer til Kaupmannahafnar.

FH fær ísraelska liðið Hapoel Haifa í heimsókn í Kaplakrika, en fyrri leiknum í miklum hita og raka í Haifa lyktaði með 1-1-jafntefli. Miðvörðurinn Eddi Gomes skoraði mikilvægt útivallarmark Hafnfirðinga í Ísrael. Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH, telur að liðið eigi ágætis möguleika á að komast áfram, en liðið verði í hlutverki Davíðs gegn Golíat í leik liðanna á morgun.

„Við munum líklega liggja aftarlega og treysta á skyndisóknir í þessum leik líkt og við gerðum í útileiknum. Við horfðum á leikinn aftur og sáum þá höggstað á þeim og að við hefðum getað verið rólegri á boltann þegar við unnum hann. Þeir eru ekki í góðu leikformi og þeir sækja á mörgum leikmönnum þegar þeir herja á andstæðinga sína. Það er því nóg pláss til að sækja í þegar þeir tapa boltanum,“ sagði Davíð Þór í samtali við Fréttablaðið.




Eddi Gomes skoraði fyrir FH í fyrri leiknum gegn Hapoel Haifa. Það gæti reynst dýrmætt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það er spennandi verkefni í boði í þriðju umferðinni hvort sem það verður Sarajevó eða Atalanta. Það er alltaf meiri fiðringur fyrir Evrópuleiki en aðra leiki og við hlökkum mikið til þessa leiks. Við erum orðnir reynslumiklir, margir í leikmannahópnum, á þessum vettvangi og við bættum við okkur leikmönnum fyrir þetta keppnistímabil sem eiga þó nokkra Evrópuleiki undir beltinu. Það ætti að koma okkur til góða í þessu erfiða verkefni,“ sagði Davíð Þór enn fremur.

Valur mætir svo Santa Coloma frá Andorra á Origo-vellinum að Hlíðarenda, en þar þurfa Valsmenn að snúa taflinu sér í hag eftir svekkjandi 1-0-tap ytra.

Ólafur Jóhannesson getur ekki stýrt liði sínu í þessum leik þar sem hann afplánar tveggja leikja bann fyrir að ýja að því að maðkur væri í mysunni hjá UEFA þegar liðið féll úr leik fyrir Rosenborg í forkeppni Meistaradeildarinnar.

Stjarnan fer með veika von til Danmerkur þar sem liðið mætir FB København, en liðið laut í lægra haldi í fyrri leiknum á Samsung-vellinum. Þar reið danski landsliðsmaðurinn Viktor Fischer baggamuninn, en hann lagði upp fyrra mark danska liðsins og skoraði það seinna eftir að hafa komið inn á sem varamaður í hálfleik. Lokatölur urðu 2-0 og vonandi að Stjarnan nái að velgja danska liðinu undir uggum. hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **KR - Þór/KA** | **2-1** |

1-0 Tijana Krstic (16.), 2-0 Mia Celestina Annete Gunter (70.), 2-1 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (71.).

**Inkasso-deild karla**

| | |
|---|---|
| **Þór - Njarðvík** | **3-0** |
| **Haukar - ÍA** | **1-3** |
| **Þróttur R. - ÍR** | **6-1** |
| **Selfoss - HK** | **1-2** |
| **Víkingur Ó. - Magni** | **4-1** |

**Inkasso-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **Sindri - ÍR** | **2-6** |
| **Fylkir - Hamrarnir** | **7-0** |
| **Keflavík - Þróttur R.** | **2-1** |
| **Aftureld./Fram - Haukar** | **1-3** |

## Hefja keppni í Glasgow í dag

**FIMLEIKAR** Kvennalið Íslands í áhaldafimleikum hefur keppni á fyrsta Meistaramóti Evrópu í dag. Um er að ræða nýtt mót þar sem keppt er í hinum ýmsu íþróttagreinum. Mótið er haldið í Glasgow í Skotlandi nema hvað keppni í frjálsum íþróttum fer fram í Berlín í Þýskalandi.

Keppni í kvennaflokki í áhaldafimleikum hefst klukkan 12.15 að íslenskum tíma í dag. Á morgun hefur íslenska stúlknaliðið á keppni. Ísland á einnig lið í drengjaflokki. Næstu daga munu svo fleiri íslenskir íþróttamenn hefja leik á Meistaramótinu. – iþs



Tryggvi Snær Hlinason í leik með Valencia. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tryggvi Snær kominn með nýtt lið

**KÖRFUBOLTI** Tryggvi Snær Hlinason, landsliðsmaður í körfubolta, hefur verið lánaður frá Valencia til Monbus Obradoiro sem staðsett er í Compostela á Spáni. Liðið leikur í efstu deild og hafnaði í 12. sæti hennar á síðustu leiktíð.

Hann mun að öllum líkindum fá meiri spiltíma þar en hjá Valencia síðasta vetur, en mínúturnar inni á vellinum voru af skornum skammti í frumraun hans á spænskri grundu. Valencia er afar vel mannað hvað miðherja varðar og því beggja hagur að hann finni sér nýjan vettvang næsta vetur.

Tryggvi gekk til liðs við Valencia frá Þór Akureyri síðasta haust og var á sínu fyrsta ári sem atvinnumaður. Hann tók þátt í nýliðavali NBA fyrr í sumar, en hlaut ekki náð í fyrir augum forráðamanna liðanna og var svo á mála hjá Toronto Raptors í Sumardeild NBA í júlí. – hó


PIER
LOKADAGAR ÚTSÖLU
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
MUNICH SÓFI
137.940,-
ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR AF
SÓFUM
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF
ÚTIHÚSGÖGNUM
OSORNO ÚTISÓFI
VERÐ NÚ:
59.970,-
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF
SUMARVÖRUM
HOLT GARÐSETT
VERÐ NÚ:
11.997,-
OPTICA STÓLL
VERÐ NÚ:
2.997,-
OPTICA BORÐ
VERÐ NÚ:
4.497,-
ISADORA BEKKUR
9.995,-
www.pier.is
Gildir 2.ágúst - 8.ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
SMÁRATORG - KORPUTORG - AKUREYRI - SELFOSS

# Lykilatriði að forðast sandgryfjurnar

**Valdís Þóra Jónsdóttir hefur leik á Opna breska meistaramótinu, fjórða risamóti ársins í kvennagolfi, í dag. Mótið fer fram á sögufrægum velli en þetta er í annað sinn sem Valdís leikur á risamóti. Engar vatnstorfærur eru á vellinum en rúmlega tvö hundruð sandgryfjur.**



Valdís Þóra horfir á eftir upphafshöggi á Opna bandaríska meistaramótinu í fyrra en hún fær annað tækifæri á risamóti í golfi í dag. GSÍMYNDIR.NET/SIGURÐUR ELVAR

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Leyni, hefur leik í dag á Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Royal Lytham & St. Annes-golfvellinum, hundrað kílómetra norður af Liverpool-borg. Er þetta í 42. skiptið sem Opna breska meistaramótið fer fram í kvennaflokki og annað árið í röð sem Ísland á fulltrúa á mótinu.

Er þetta fjórða risamót ársins í kvennagolfi af fimm og verður þetta annað risamótið sem Valdís tekur þátt í á eftir Opna bandaríska meistaramótinu í fyrra. Missti hún þá af niðurskurði

Valdís komst inn á Opna breska með góðum árangri sínum á Evrópumótaröðinni, næststerkustu atvinnumannamótaröð heims. Er hún í 20. sæti á stigalista mótaraðarinnar en efstu 25 kylfingarnir fengu sæti á þessu risamóti.

Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, GR, tókst ekki að komast inn á Opna breska í ár eftir að hafa tekið þátt í mótinu í fyrra.

**Nóg af sandgryfjum**

Völlurinn sem leikið er á er sögufrægur en hann var byggður árið 1886. Er völlurinn strandarvöllur (e. links) og ekki langur sem slíkur, rúmlega sex þúsund metrar eða 6.585 jardar. Engar vatnstorfærur eru á vellinum en þess í stað eru alls 204 sandgryfjur á brautunum átján tilbúnar að taka við golfboltum ef höggið geigar.

Er þetta í fimmta sinn sem Opna breska meistaramótið í kvennaflokki fer fram á vellinum. Tíu sinnum hefur Opna breska meistaramótið í karlaflokki farið þar fram, síðast árið 2012 og tvisvar hefur verið leikið um Ryder-bikarinn á vellinum, síðast árið 1977.

Flest stærstu nöfn kvennagolfsins mæta til leiks á mótið og hefur Valdís leik klukkan tíu í dag. Með henni í ráshóp eru þær Ursula Wikström frá Finnlandi og Daniela Darquea frá Ekvador.

**Veðrið gæti truflað kylfinga**

Valdís virtist nokkuð brött í aðdraganda mótsins en henni fannst völlurinn nokkuð mjúkur vegna rigninga undanfarna daga.

„Tilfinningin er góð, það er afar gaman að fara á þetta risamót og fá að spila þennan flotta völl sem er í hæsta gæðaflokki. Markmiðið er að spila eins vel og hægt er og sjá hverju það skilar mér, vonandi næ ég góðu skori á völlinn,“ sagði Valdís.

Hún hefur eytt undanförnum dögum í að leika völlinn og segir hann góðan en ólíkan þeim sem hún spilaði á í Aberdeen í Skotlandi, fyrir viku.

„Hann er örlítið mýkri en völlurinn í Aberdeen sem ég lék á í Skotlandi um daginn eftir rigninguna síðustu daga og það er von á rigningu á fyrsta degi. Það eru nokkrar par 4 holur sem eru ansi langar og svo á móti eru nokkrar sem eru nokkuð stuttar.“

Í næstu viku keppir Valdís svo ásamt Ólafíu fyrir hönd Íslands á Evrópumóti í liðakeppni atvinnukylfinga í Skotlandi í næstu viku. Er þetta í fyrsta sinn sem þetta mót fer fram og er leikið á velli sem Ólafía og Valdís léku á síðustu viku.

kristinnpall@frettabladid.is

> **Markmiðið er að spila mitt besta golf og sjá hverju það skilar mér.**
>
> Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur

**Níu sandgryfjur verja flötina á níundu holu vallarins.**

## Royal Lytham & St. Annes-golfvöllurinn




## Völlur sem gefur kylfingum tækifæri til að sækja

Sigmundur Einar Másson, Íslandsmeistari í höggleik 2007, lék á sínum tíma Royal Lytham & St. Annes-völlinn á Opna breska áhugamannamótinu í golfi. Lék hann völlinn á 77 höggum. Blaðamaður Fréttablaðsins fékk hann til að rýna í völlinn í aðdraganda mótsins.

„Þetta er hefðbundinn strandarvöllur en endar á sex par 4 holum í röð sem er frekar sjaldgæft, rétt eins og að byrja á par 3 holu. Það er ekki mikið landslag í flötunum en eins og á flestum strandarvöllum eru djúpar sandgryfjur sem verja flatirnar. Gott dæmi um það er níunda holan, par 3 hola sem er ekkert mjög löng en flötin er varin af níu sandgryfjum. Ef kylfingur kemst í gegnum mótið án þess að fara í sandinn er það kraftaverk,“ sagði Sigmundur Már léttur og bætti við:

„Lykillinn að góðu gengi er að sleppa eins mikið við glompur og hægt er og að pútta vel, þá mun henni ganga vel. Valdís er frábær með pútterinn þannig að það verður gaman að fylgjast með henni á mótinu. Það er spáð erfiðu veðri fyrstu tvo dagana sem gæti haft áhrif á keppendur en um helgina er rólegt veður sem gefur kylfingum tækifæri til að skora.“



**Sigmundur Einar Másson, Íslandsmeistari í höggleik 2007.**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 2. ÁGÚST 2018



# Ekki þessi jakkafatatýpa

Vegna vinnu sinnar þarf Sigurður Dagur Sturluson að vera snyrtilega klæddur. Utan hennar finnst honum best að vera óformlega klæddur dags daglega. ➜2

Hér klæðist Dagur peysu frá Stone Island, Carhartt Sid buxum úr Húrra Reykjavík, AirMax 98 UK Edition skóm úr Selfridges í London. Hliðartaskan er frá Off-White. MYNDIR/ÞÓRSTEINN

ENZYMEDICA®

Á að grilla í kvöld?






STYTTIST Í ÚTSÖLULOK!

AUKA 20% AFSLÁTTUR

NÝJAR VÖRUR VIKULEGA!

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND












Wood Wood jakkinn er keyptur í Wood Wood versluninni í Kaupmannahöfn. Libertine Libertine Transworld buxurnar og Norse Projects langermabolurinn eru úr Húrra Reykjavík. Adidas Yeezy Calabasas skóna keypti hann gegnum Goat appið.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu

Sigurður Dagur Sturluson gerir fátt annað í lífinu en að spila körfubolta og sinna starfi sínu hjá Deloitte í Kópavogi en þar hefur hann starfað í rúmlega ár eftir útskrift úr viðskipta- og tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Dagur, eins og hann er alltaf kallaður, segir að sér hafi alltaf fundist gaman að líta vel út og vera flott klæddur en hann hafi þó ekki farið að fylgjast með tískunni fyrr en á síðustu árum. Þar hafi aukið aðgengi að flottum merkjum og fötum haft mikið að segja, bæði með tilkomu samfélagsmiðla en einnig flottari verslana hér heima. „Í vinnunni gilda reglur um klæðaburð þannig að ég er oftast frekar fínt klæddur þar. Í frítíma mínum er ég hins vegar alls ekki þannig klæddur. Ég hef aldrei verið þessi jakkafatatýpa og er frekar óformlega klæddur dags daglega. Þar legg ég mesta áherslu á gæði og hönnun í fatavali og kaupi frekar færri og endingarbetri flíkur en fleiri. Helstu tískufyrirmyndir eru helst fólkið í kringum mig. Ég reyni alltaf að fara mínar eigin leiðir þegar kemur að tísku en ef ég sé einhvern í kringum mig klæðast fallegri flík sem mér líst vel á hlýtur það að hafa áhrif á stíl minn.“

Eins og fyrr segir leikur körfuboltinn stórt hlutverk í lífi Dags. „Ég er uppalinn í Njarðvík og hef spilað körfubolta allt mitt líf. Tímabilið fram undan í Domino's-deild karla er hins vegar fjórða tímabil mitt með Valsmönnum og ég er mjög spenntur fyrir komandi tímabili þar sem við ætlum okkur að gera betur en á síðasta ári. Hjá Deloitte starfa ég við áhættuþjónustu og er að taka þátt í mörgum spennandi verkefnum þar þannig að ég sé fram á annasaman og skemmtilegan vetur.“

*Fylgist þú vel með nýjustu tísku?*

Kærastan mín vinnur hjá Húrra Reykjavík og tekur þátt í innkaupum þar þannig að líklegast fylgist ég mest með tísku í gegnum hana. Ef ég ætti að velja þann samfélagsmiðil sem hefur mest áhrif á mig er það augljóslega Instagram.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Hér heima finnst mér Húrra Reykjavík vera á allt öðrum stað en aðrar búðir og versla ég nánast eingöngu þar. Einnig kíki ég reglulega í Spúútnik og á ég t.d. nokkrar yfirhafnir þaðan sem ég hef notað mikið. Erlendis hef ég svo bara elt merkin sem ég fíla og fer í þær verslanir. Svo hef ég einnig nýtt mér endursöluappið Goat sem er algjör snilld og gott dæmi um aukið aðgengi að flottum tískuvörum.



Peysan er frá Stone Island og buxurnar eru frá Wood Wood og keyptar í Húrra Reykjavík. Skórnir eru Converse One Star úr Foot Patrol í London.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Mér finnst skemmtilegt að klæðast litum en ef ég hugsa um það er ég oftast í látlausum litum og nánast alltaf í hvítum skóm. Ætli uppáhaldsliturinn minn sé ekki svartur.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Þegar ég var fimmtán ára var ég mikið að rokka grátt jakkafatavesti yfir alls kyns litaða stuttermaboli og rifnar gallabuxur.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?*

Ætli það sé ekki Carhartt WIP Sheffield jakki sem ég fékk að gjöf fyrir nokkrum árum.

*Áttu eina uppáhaldsflík?*

Líklega eru það Achilles low skórnir frá Common Projects. Ég á bæði hvíta og svarta skó og það er hægt að nota þá við næstum öll tilefni. Ég mæli með þeim.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Bestu kaupin eru klárlega hvítu Common Projects skórnir mínir. Verstu kaupin eru líklega fyrsta og eina skiptið sem ég pantaði mér flík á Asos.com. Það var peysa sem var líklega átta númerum stærri en ég átti von á en hana hef ég aldrei notað.

*Hvað finnst þér einkenna klæðnað ungra karla í dag?*

Aukið aðgengi og fataúrval hafa gert klæðnað ungra karla fjölbreyttari en áður.

*Notar þú fylgihluti?*

Ég er næstum orðinn háður því að vera með hliðartösku sem mér finnst bæði vera flott og svo er hún virkilega þægileg á sama tíma. Svo er ég er alltaf með þunna gullkeðju um hálsinn auk þess sem ég nota stundum úr.

Hægt er að fylgjast með Degi á Instagram (@sigurdurdagur).

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# VERÐHRUN!

# 60-80%

afsláttur af fatnaði og skóm




hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is













Unnur María Bergsveinsdóttir segir pönkið hafa breytt menningarlandslaginu hér á landi til frambúðar. Hér er hún stödd í Pönksafninu í Bankastræti en Unnur mun leiða göngu um söguslóðir pönksins í kvöld. MYND/ÞÓRSTEINN

# Pönkinu fylgdi frelsi

Unnur María Bergsveinsdóttir leiðir fólk um söguslóðir pönksins í Reykjavík í kvöld. Pönkið varð til þess að Íslendingar fóru að gera hlutina á eigin forsendum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Áundan pönkinu horfðu allir, sem ætluðu að meika það, til útlanda og til erlendra fyrirmynda. Með pönkinu kom þorið til þess að byggja á eigin forsendum og gera hlutina eftir okkar nefi. Það hefur lifað sem sterkur þáttur í íslenskri menningarsköpun síðan. Með pönkinu skapaðist rými fyrir okkar séríslensku sérvisku,“ segir Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur en hún leiðir göngu um söguslóðir pönksenunnar í Reykjavík í kvöld.

Hún segir pönkið hafa haft mikil áhrif á borgarlandslagið.

„Sú Reykjavík sem pönkið breytti er í raun ekki lengur til. Það sem stóð pönkinu fyrir þrifum til að byrja með var aðstöðuleysi. Það voru fáir staðir þar sem hægt var að spila lifandi tónlist og hér var engin pöbbamenning, ekki nema þrettán staðir í Reykjavík með vínveitingaleyfi árið 1980. Þeir staðir sem stóðu fyrir skemmtunum fóru ódýru leiðina og spiluðu diskótónlist af bandi. Með pönkinu varð innblástur í flutningi lifandi tónlistar og innspýting í tónleikamenningu því pönkararnir þurftu að búa sér til svið,“ útskýrir Unnur. Pönksenan hafi orðið merkilega stór hér á landi og fengið mikla og jákvæða athygli. Fólk hafi þyrst í breytingar og í eitthvað nýtt. Samvinna þvert á ólíka hópa hafi strax einkennt íslenskt pönk.

Erlendis skiptust pönkarar í mismunandi hópa sem töluðust ekki við og slógust úti á götu ef þeir hittust. En hér í fámenninu þurfti að vinna saman. Til dæmis tróð kannski band upp á tónleikum, strax á eftir pönkbandi, sem spilaði alls ekkert pönk. Íslenska



Með pönkinu varð innspýting í tónleikahald á Íslandi.

pönksenan var suðupottur alls konar áhrifa og bragðefna,“ segir Unnur. Þá hafi hið einangraða Ísland einnig haft áhrif á stíl íslenskra pönkara.

### Heimatilbúin pönkföt

„Pönkið er sjónrænt og ögrunin felst að miklu leyti í sjónrænu áreiti. Það gengur út á höfnun borgaralegra gilda og að taka völdin og gera hlutina sjálfur. En hvernig ferðu að því að græja pönk-gallann hér á landi 1980? Hér var ekki hægt að labba út í búð og kaupa stílinn. Landfræðileg staðsetning leiddi því af sér mikla sköpun og útsjónarsemi. Enda komst ég að því þegar ég spurði gamla pönkara: „Hvernig tóku foreldrarnir þessu? Hvað sögðu afi og amma?“ að flestir fengu jákvæð viðbrögð. Mömmurnar hjálpuðu til við að þrengja skálmarnar á gallabuxunum og saumuðu alls konar dress. Hér var erfitt að fá stóra gadda sem einkenndu pönkklæðnað og íslenskir pönkarar redduðu sér því með stórum „second hand“ jökkum og jafnvel lopapeysum og gröfu röndóttar náttbuxur af afa innan úr fataskápnum til að ganga í. Það var miklu ódýrara að fata upp pönkaraunglinginn en diskóunglinginn og það lagðist vel í foreldrana,“ segir Unnur. „Alveg sama hvort horft er á fatastílinn eða tónlistina, það sem einkenndi íslensku pönksenuna var þessi samvinna þvert á mismunandi tóna. Íslenska pönkmenningin byggist á því sem sameinar, frekar en því sem sundrar. Hér leiddi pönkið af sér frelsið til að vera margtóna.“

Sögugangan hefst í Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17, klukkan átta í kvöld.


HI BALL BUXUR
13.990
LIVE IN
Levi's
Levi´s Kringlunni – Levi´s Smáralind

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
**á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA
4WD

**Stiga Estate Pro 9122**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

55m2 íbúð á góðum stað í 101 Reykjavík, er til leigu. Möguleiki að leigan greiðist að hluta með vinnuframlagi. Gæti hentað t.d. eftirlaunaþegum. Áhugasamir sendið umsókn á Gardurogthrif@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

**KÖKUHÚSIÐ AUÐBREKKU**
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Fullt starf.
**Uppl. gefur Björk í s. 693 9091 eða senda umsókn á mk@mk.is**

KvikkFix

Viljum ráða manneskju í móttöku KvikkFix. Líflegt starf. Góð laun og vinnuaðstaða. Umsóknir sendist e mail á hinrik@nrg.is

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**


**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta


**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

## Breyting á skilmálum deiliskipulags Skarðshlíðar 2. áfanga.

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2018 breytingar, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á skilmálum deiliskipulags Skarðshlíðar 2. áfanga.**

Breytingar skilmálanna snúa að gólfkóta einbýlishúss við Hádegisskarð 11 og parhúsa við Hádegisskarð nr. 3-5, 7-9 og 13-15. Vikmörk frá uppgefnum hæðarkóta er tilgreindur í kafla 4.2. Gerð er breyting á töflu í kafla 4.3, bætt er við heimild til að nýta hæðarmun í landi í kafla 4.9 og í kafla 5.1. er bætt inn ákvæði er snertir þakrennur. Breytt lega göngubrautar við Hádegisskarð. Að öðru leiti haldast skilmálar óbreyttir.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 02.08.2018 – 13.09.2018.

Hægt er að skoða breytingatillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13.09.2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.
Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

## Merkisatburðir

**1897** Fáninn Hvítbláinn er fyrst dreginn að húni á hátíð í bænum. Það gerir Kvenfélagið í Reykjavík, að forgöngu Þorbjargar Sveinsdóttur, föðursystur Einars Benediktssonar.

**1924** Sænskur flugmaður, Erik H. Nelson, flýgur frá Kirkwall á Orkneyjum til Hornafjarðar. Það er fyrsta flug yfir Atlantshafið til Íslands.

**1927** Gamla bíó í Ingólfsstræti er opnað með frumsýningu myndarinnar Ben Hur með Ramon Novarro í titilhlutverki.

**1974** Brjóstmynd af Reykjavíkurskáldinu Tómasi Guðmundssyni er afhjúpuð í Austurstræti.

**1988** Flugslys verður í Reykjavík og farast þrír menn er kanadísk flugvél skellur í jörðina á milli Hringbrautar og flugbrautarendans.

**1990** Írakar ráðast inn í Kúveit.



Mæðgurnar Jóní Jónsdóttir og Sigurlína Jóhannsdóttir innan um listaverkin í Mosfellsbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Erum með mæðgnaspuna

**Mæðgurnar Jóní Jónsdóttir og Sigurlína Jóhannsdóttir heiðra sameiginlegar minningar og formæður á sýningu sem opnuð verður á morgun í Listasal Mosfellsbæjar.**

Ég er viss um að ef mamma hefði farið sömu braut og ég og í alla þessa listaskóla hefði hún náð miklu lengra en ég. Hún er svo flink. Ég er að opna einkasýningu en hún er til heiðurs mömmu og hún hefur unnið hana með mér. Mamma er minn fyrsti áhrifavaldur og hefur kennt mér svo margt sem ég hef notað í listinni," segir Jóní Jónsdóttir myndlistarmaður. Sýningin nefnist Frá móður til dóttur – frá dóttur til móður og verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar að Þverholti 2 á morgun, 3. ágúst. Þar getur að líta teikningar og málverk, líka vefnað og önnur textílverk.

„Um það leyti sem ég fæddist tók mamma námskeið í teikningu og málun og svo hafa alltaf fylgt henni og formæðrum hennar miklar hannyrðir," segir Jóní og heldur áfram. „Við erum með tilvísun í ömmu hennar, sem hét Sigurlína eins og hún, hún lét mömmu og systur hennar snúa saman band þannig að það líktist köðlum og vinna fleira í höndunum, meðan hún prjónaði á prjónavél. Við mamma bjuggum til snúrur og ófum úr þeim. Einnig erum við með mæðgnaspuna, enda vann mamma á spunavélum í gamla daga, bæði í Gefjun og á Álafossi. Við notum meira að segja garn sem henni áskotnaðist þar og er á stórum keilum."

> **Ég er viss um að ef mamma hefði farið sömu braut og ég og í alla þessa listaskóla hefði hún náð miklu lengra en ég. Hún er svo flink.**

Jóní var einn af stofnendum Gjörningaklúbbsins og hefur síðustu 22 ár unnið við flesta miðla á sviði myndlistar. „Ég er viss um að ef mamma hefði farið sömu braut og ég og í alla þessa listaskóla hefði hún náð miklu lengra en ég. Hún er svo flink. Svo er hún músíkölsk, er með 7. stig á píanó, syngur frábærlega, spilar á gítar, kann alla texta og semur ljóð."

Verkin á sýningunni eru öll ný. Jóní segir þau flest hafa orðið til á heimili móður hennar og nefnir eitt þeirra. „Ég bað mömmu að teikna mynd eftir mínu minni. Það var fyrsta myndin sem ég sá hana teikna en er nú löngu týnd og mamma var búin að gleyma henni. Myndin var af konu með snák um hálsinn sem er að kyrkja hana. Hún var dálítið ógnandi. Þá átti mamma erfitt í lífinu en henni líður svo vel í dag að á myndinni núna er konan voða sæt og undrandi."

Sjálf kveðst Jóní bæta pönkgöddum inn í textílverk og einnig pendúl. „Við mamma höfum skemmt okkur yfir þessu verkefni og líka grátið," segir hún. „Sum af okkar umræðuefnum koma í ljós á sýningunni, til dæmis í innsetningu sem er alger flækja og heitir Fjölskyldan."

gun@frettabladid.is



✝

Elskuleg systir mín
og föðursystir okkar,

**Áslaug Axelsdóttir**

Þorragötu 9,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund þann 30. júlí sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ólafía Axelsdóttir**
**Bryndís Ólafsdóttir Sigrún Ólafsdóttir**
**Axel Ólafsson og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur faðir okkar,

**Erlingur Hallsson**

sem lést föstudaginn 27. júlí, verður
jarðsunginn frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 8. ágúst klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð
en þeim sem vilja minnast hans er bent
á Barnaspítala Hringsins.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar, Guðrún, Tryggvi og Erlingur Erlingsbörn**



✝

Áskær sambýlismaður minn,
faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir,
afi, langafi, bróðir og mágur,

**Andrés Pétur Eyjólfsson**

Læk, Holtum,
búsettur að Lóurima 7, Selfossi,

andaðist sunnudaginn 26. júlí
á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann verður jarðsettur
frá Hagakirkju í Holtum laugardaginn 4. ágúst kl. 14.00.

**Rannveig Harðardóttir**
**Sigurborg S. Andrésdóttir** **Kristján Nielsen**
**Guðrún Andrésdóttir** **Sigurður J. Hallbjörnsson**
**Lilja Björk Andrésdóttir** **Kristján Ingi Magnússon**
**Sóley H. Guðbjörnsdóttir** **Björgvin Pálmi Danielsson**
**Jósep Friðrik Guðbjörnsson**
**Ósvald H. Indriðason**
**Hilma Dögg Hávarðardóttir** **Sigursteinn Jónsson**
**Ólöf Stefanía Eyjólfsdóttir** **Óskar Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri bróðir,

**Sigurjón Jónsson**

til heimilis að Höfða, hjúkrunar- og
dvalarheimili, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
þann 12. júlí síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hins látna. Starfsfólki Höfða eru færðar hjartans þakkir
fyrir góða umönnun.

**Eysteinn Jónsson**
**Unnur Jónsdóttir**
**Björn Jónsson**
**Steinn Jónsson**
**Elsa Jónsdóttir**
**Guðmundur Jónsson**
**Ólafur Jónsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær sonur minn, stjúpsonur,
bróðir, mágur og barnabarn,

**Birgir Imsland**

Bræðratungu 1,
Kópavogi,

lést 27. júlí síðastliðinn.
Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju
í dag, fimmtudaginn 2. ágúst klukkan 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag
krabbameinssjúkra barna.

**Fyrir hönd annarra ástvina,**
**Ómar Imsland** **Hildur Björg Hrólfsdóttir**
**Ragnar Imsland**
**Arnar Imsland** **Alexandra Dís Unudóttir**
**Bragi Þ. Sigurðsson** **Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Ragnar Imsland** **Júlía Imsland**



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**María Steinunn Helga Jóhannesdóttir**

frá Dynjanda,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði, þriðjudaginn
31. júlí sl. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju
föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Sigurvin Guðbjartsson**
**Þórey Kristín Guðbjartsdóttir**
**Reynir Snæfeld Stefánsson**
**Guðbjartur Guðbjartsson**
**Sigurður Bjarki Guðbjartsson**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

# TILBOÐ 1.990 kr.kg

## HUMARSÚPA



## LAXAFLÖK

2.990 kr.kg

FERSK OG/EÐA MARINERUÐ



**OPIÐ LAUGARDAG 10-15 Á SOGAVEGI 3**



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800

# HITAVEITUSKELJAR FRÁ ARCTIC SPAS



## YUKON

*5-7 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 210x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1700.

Kapteinssæti. 100% sjálfberandi skel. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 380.000,-**



## TUNDRA

*6-8 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 230x230 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 2200.

4 stk. forstjórasæti. 100% sjálfberandi skel. Hrikalegt fótapláss. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu. Partýpotturinn.

**Verð: 550.000,-**



## FOX

*3-4 manna*

**Lögun:** Átthyrnt. **Breidd:** 166x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1000.

Kapteinssæti. 100% sjálfberandi skel. Legubekkur. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 320.000,-**



## CUB

*5 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 210x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1250.

Kapteinssæti. Legubekkur. 100% sjálfberandi skel. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 380.000,-**

## HEITIRPOTTAR.IS

Höfðabakki 1, við Gullinbrú | Sími 777 2000 | heitirpottar@heitirpottar.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hæg suðvestanátt og skúrir í dag, einkum síðdegis en bjartviðri á Suðausturlandi. Hiti víða 10 til 15 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 9° | 9° |
| ↖3 | ↗5 | ↙2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 14° | 9° |
| ↓4 | ↑2 | ←1 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 13° |
| ↘3 | ↗7 | ↓1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 14° | 11° |
| ↓4 | ↖4 | ↗2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 6 | 7 | | | | | | 5 |
| | | 3 | | | 7 | | 2 | |
| | 7 | | | 8 | 2 | 5 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | | |
| 3 | | 4 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 6 | 3 | 2 | | 7 |
| | | 8 | | 2 | | 4 | 5 | |
| | | | | | | 3 | 9 | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 1 | | | 6 | 5 |
| 7 | | 4 | | 5 | | | 1 | |
| | | 6 | 8 | | | | | 2 |
| | | | 9 | 4 | | | | 1 |
| | 6 | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 3 | 8 | | 2 | |
| 8 | | | 3 | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| | 4 | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | | | 9 | | 8 | |
| | | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | 9 | | | 1 | |
| | | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | | 4 | | 6 | 8 | | | |
| | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 7 | | 9 | | 5 | | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skár
5. keyra
6. í röð
8. slaga
10. átt
11. grasey
12. fjögur
13. veiði
15. skrölt
17. þrælkun

**LÓÐRÉTT**
1. afturkippur
2. mælieining
3. efni
4. rákir
7. tabú
9. ráfa
12. fljótræði
14. hamfletta
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** betur, **5.** aka, **6.** áb, **8.** krussa, **10.** sa, **11.** vin, **12.** fern, **13.** afli, **15.** glamur, **17.** ánauð.
**LÓÐRÉTT:** **1.** bakslag, **2.** ekra, **3.** tau, **4.** rásir, **7.** bannorð, **9.** sveima, **12.** flan, **14.** flá, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Rosenblatt átti leik gegn Wolk í Biel árið 1977.



**Hvítur á leik**
**1. Hb8! 1-0.** Mamedyarov vann öruggan sigur á ofurmótinu í Biel. Varð 1½ vinningi fyrir ofan Magnús Carlsen. Ný alþjóðleg skákstig komu út í gær.

**www.skak.is:** Biel-mótið.

## Pondus Eftir Frode Øverli




## Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










THULE SWEDEN Ferðavörur



THULE SWEDEN Hjólafestingar



THULE SWEDEN Hjólavagnar



THULE SWEDEN Ferðabox



Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Svo leggjum við áherslu á þríraddaðan söng

**Ösp Eldjárn, Valeria Pozzo og Örn Eldjárn halda tónleika í Hannesarholti við Grundarstíg í kvöld og flytja þar eigið efni, gamalt og nýtt. Ösp og Örn eru að norðan en Pozzo frá Ítalíu.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Örn Eldjárn, Valeria Pozza og Ösp Eldjárn í sælunni á Seyðisfirði í síðasta mánuði þar sem þau héldu tónleika í Bláu kirkjunni. MYND STEFANO PANDOAN

Við erum svona altmúligt-band. Bæði Örn og Valeria bregða sér í allra kvikinda líki, hann spilar á hvað sem er og hún er fiðluleikari en líka lagasmiður, söngkona og gítarleikari. Ég er hálf vandræðaleg í miðjunni og syng bara,“ segir Ösp Eldjárn glaðlega þegar forvitnast er um það sem fram undan er í Hannesarholti í kvöld. Þar kemur Ösp fram ásamt Erni, bróður sínum og Valeriu Pozzo. Systkinin eru að norðan en Pozzo frá Ítalíu.

„Við erum öll að flytja eigin lagasmíðar í þessum túr. Örn brestur í söng og Valeria líka. Við röddum og spilum undir hvert hjá öðru, þannig að úr verður samhljómur,“ útlistar Ösp. En hvaða túr er hún að tala um? „Við vorum að koma að austan og norðan. Byrjuðum á Seyðisfirði, í tónleikaröðinni Bláu kirkjunni, það var mjög gaman. Svo fórum við á Havarí á Berufjarðarströnd, þar var líka ógurlega indælt. Enduðum svo túrinn á Kópaskeri, þar er menningarfélag sem kallar sig Flygilvini og fékk okkur til að koma. Það er mjög flottur flygill í Skjálftasafninu, í gamla grunnskólanum á Kópaskeri. Við héldum tónleika þar og það var fallegt og gaman að koma þangað.“

**VIÐ ERUM ÖLL AÐ FLYTJA EIGIN LAGASMÍÐAR Í ÞESSUM TÚR. ÖRN BRESTUR Í SÖNG OG VALERIA LÍKA. VIÐ RÖDDUM OG SPILUM UNDIR HVERT HJÁ ÖÐRU, ÞANNIG AÐ ÚR VERÐUR SAMHLJÓMUR.**

Hver skyldi svo hafa spilað á flygilinn fína? „Örn brá sér á flygilinn, það er fátt sem hann ekki getur. Svo erum við með ljósmyndara með okkur, sem heitir Stefano og er frá Feneyjum, hann er konsertmeistari og þegar hann sér flygil, sest hann niður og lætur okkur djamma eitthvað með sér.“

Ösp segir undirtektir hvarvetna hafa verið góðar. „Svo er lokahnykkurinn eftir, í Hannesarholti í kvöld. Ég hef ekki verið með tónleika þar áður en fylgdi tveimur enskum vinkonum þangað fyrir hálfum mánuði, þær sigldu frá Skotlandi yfir til Orkneyja, þaðan til Færeyja og svo til Íslands og héldu tónleika í Hannesarholti. Mér leist vel á salinn. Það er líka fallegt samstarf milli Hannesarholts og Kítón (Konur í tónlist) og gaman að vera með í þeirri tónleikaröð, sérstaklega af því meirihluti bandsins er konur.“

Efninu sem hópurinn flytur lýsir Ösp svo: „Það er þjóðlagaskotið – smá indí – með djasstvisti. Mín tónlist þykir draumkennd. Svo leggjum við áherslu á þríraddaðan söng. Þetta er alþýðustemning.“ Ösp hélt til Lundúna í tónlistarnám árið 2011 og kynntist þar Valeriu Pozzo. Þær hafa síðan starfað mikið saman, Valeria lék til dæmis á fiðlu og víólu á plötu Aspar, Tales from a Poplar Tree, sem var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna 2018 í flokki þjóðlagatónlistar. Spurð hvort Valeria Pozzo búi á Íslandi svarar Ösp: „Nei, Valeria býr í London, kom bara með okkur í þessa ferð og það var gaman. Ég vona að hún komi á hverju ári, það væri partur af sumrinu.“

## Sækir innblástur í ljóðmál 19. aldar skáldanna Látra-Bjargar og Jónasar

Marteinn Sindri Jónsson leikur alþýðutónlist og popptónlist á píanó og gítar í kirkjunni á Hólum í Hjaltadal á sunnudaginn, og syngur með.

„Þetta er sjöunda árið sem tónleikar eru haldnir hér í Hóladómkirkju um verslunarmannahelgi. Fram að þessu hafa flytjendur verið handvaldir en nú var auglýst og ég sótti um. Mér fannst spennandi að fá að spila hér. Var einmitt að æfa í morgun. Þetta er sérstök kirkja og það er virkilega gaman að koma hingað,“ segir Marteinn Sindri, sem staddur er á Hólum með unnustu og tveimur börnum.

„Ég verð með sitt lítið af hverju, bæði eftir mig og aðra,“ segir Marteinn Sindri um lagavalið á tónleikunum og kveðst yrkja jöfnum höndum á íslensku og ensku. „Ég hef líka samið lög við ljóð íslenskra skálda. Það síðasta er við ljóðið Fagurt er í fjörðum eftir Látra-Björgu, ég sæki innblástur í ljóðmál 19. aldar skáldanna, meðal annars Jónas. Það er ein stoðin í tónlistinni. Svo fer ég mjög víða því ég er líka með popptónlist síðustu fjörutíu, fimmtíu ára undir, Leonard Cohen, Nick Cave og fleira.“



Marteinn Sindri nýtur þess að anda að sér helgi og fegurð Hólastaðar. MYND/BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR

Sindri er úr Reykjavík en hefur búið í Hafnarfirði undanfarin ár. Hann kveðst hafa farið að læra heimspeki eftir að hafa verið í ströngu píanónámi, bæði klassík og djassi. „Ég lauk meistaraprófi í hitteðfyrra og hef starfað mest við fræðastörf undanfarin ár og dagskrárgerð en alltaf verið í músík með. Þegar ég var í hljómsveitum samdi ég stundum fyrir söngvara svo þegar ég fór út í mastersnám, fór ég að syngja sjálfur.“

Tónleikarnir byrja klukkan 16 í framhaldi af guðsþjónustu sem hefst klukkan 14, að sögn Marteins Sindra. „Ég vona að fólk staldri við eftir messuna,“ segir hann og tekur fram að ókeypis sé inn.

gun@frettabladid.is

# ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Fatnaður 20 til 70% afsl.

Svefnpokar 20 % afsl.

Göngu-og götuskór 20 til 60% afsl.

Bakpokar 20 til 50% afsl.

Tjöld 20 til 50% afsl.

Bergans merino ull 50% afsl.

Pottasett og eldunar búnaður 20 til 65%

og margt fleira...

Íslensku ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 12 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

# Jim Ratcliffe og Kristján Fjallaskáld

**Eyþór Árnason sendir frá sér ljóðabók sem á að minna á plötuumslag. Þar eru 64 ljóð og hann fagnar 64 ára afmæli.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Skepnur eru vitlausar í þetta er ný ljóðabók eftir Eyþór Árnason. Höfundurinn segir að þar sé farið í ýmsar áttir. „Þegar maður leggur af stað ræður maður ekki ferðinni. Þarna er heilmikið af sveitaljóðum af því að ég er óforbetranlegur sveitamaður. Ég var lengi í Skagafirðinum áður en ég kom til Reykjavíkur, var að verða þrítugur þegar ég flutti þaðan endanlega. Þarna eru líka nokkur minningaljóð um fólk sem ég hef kynnst og ekki kynnst. Svo eru draumar og hugleiðingar og ljóð sem fjalla um plötuumslög, en ég hlustaði mikið á músík í gamla daga.“

### Heljarmenni og ofurkonur

Þarna er ljóð um Jón Arason en Eyþór segist hafa sterkar taugar til hans. „Árið 1974 var ég á Hólum í Hjaltadal og þá kom leikhópur frá Þjóðleikhúsinu og sýndi Jón Arason að mig minnir á þjóðhátíð. Það var ógurlega gott veður og skriður hrundu úr fjallinu þannig að allt varð þetta mjög dramatískt og ógleymanlegt.“

Í einu ljóði tengir Eyþór saman auðmanninn Jim Ratcliffe og Kristján Fjallaskáld á snjallan hátt. „Hugmyndin að því ljóði varð til fyrir tveimur árum. Þá fórum við nokkur ljóðskáld í ferðalag um Austurland. Þetta var mjög skemmtilegt kompaní. Þarna var Elísabet Jökulsdóttir með í för og hún las Dettifoss við Dettifoss. Við fórum að leiði Kristjáns og þá fékk ég hugmynd um að yrkja um hann ljóð. Það leið ár áður en ljóðið fæddist og svo smellpassar það við tímann.“

Eyþór segist hugsi yfir umsvifamiklum jarðakaupum auðmanna. „Kannski verður ekki við þetta ráðið. Ég er nýtingarmaður, ég er alinn upp við að grafa skurði og rækta land og nýta það á réttan hátt. Mér finnst mjög sorglegt þegar sveitir fara í eyði. Ég er nýkominn af Vestfjörðum og fór út í Selárdal og dáist að því fólki sem hefur búið þarna fyrir vestan og átta mig á því að á þessum slóðum hafa bara búið heljarmenni og ofurkonur.“

### Eins og tvöfalt plötuumslag

Eyþór starfar sem sviðsstjóri í Hörpu. Hann er spurður hvort tónlistin sem hann heyrir þar hafi haft áhrif á ljóð hans. „Hún hefur haft áhrif á sum þeirra, en ekki mikið í þessari bók. Á yngri árum sökkti ég mér niður í popptónlist en kynnin af klassískri tónlist hafa opnað ákveðnar víddir.“

Ljóðabók hans er skipt niður í kafla, sem heita Hlið I, Hlið II, Hlið III og Hlið IV. „Hugmyndin var að bókin yrði eins og tvöfalt plötuumslag. Í fjórða hlutanum eru ljóð sem tengjast plötuumslögum og í textanum er vísað í þau,“ segir Eyþór. Í einu ljóðanna segir: „Nú löngu seinna sit ég með lúið plötuumslag í höndunum og fer nærri að gráta en er samt glaður því þarna er mynd af mér og vinum mínum.“ Eyþór segist þarna vera að vísa í plötu með Bob Dylan og The Band. „Á því plötuumslagi er hópur af fólki og í ljóðinu ímynda ég mér að það séu vinir mínir.“

### Fagnar 64 ára afmæli

Ljóðin í bókinni eru 64 og í dag, fimmtudag, fagnar Eyþór einmitt 64 ára afmæli. „Ég hef hugsað um Bítlalagið When I'm Sixty Four síðan ég var þrettán ára. Svo er allt í einu komið að þessu og maður er bara þakklátur fyrir að vera Sixty Four.

Ég er búinn að komast að því að það er hugurinn sem skiptir meginmáli. Ég fann þetta svo sterkt þegar ég fór í göngur síðasta haust fyrir norðan. Ég hafði ekki hreyft mig neitt en samt var ég ósjálfrátt kominn upp um allar hlíðar að hlaupa fyrir kindur. Ég vissi alveg hvernig átti að gera þetta þótt ég kæmist varla úr sporunum. Það var hugurinn sem dreif mig áfram. Ef hugurinn er í lagi og líkamlega heilsan þokkaleg eru manni allir vegir færir.“



**„Þegar maður leggur af stað ræður maður ekki ferðinni,“ segir Eyþór Árnason afmælisbarn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ástin og þjáningin í skáldsögu rússnesks skáldjöfurs

**BÆKUR**

**Hinir smánuðu og svívirtu**

★★★★★

**Höfundur:** Fjodor Dostojevskí
**Þýðendur:** Ingibjörg Haraldsdóttir og Gunnar Þorri Pétursson
**Útgefandi:** Forlagið
**blaðsíður:** 555

Ingibjörg Haraldsdóttir skáld vann afar mikilvægt starf með þýðingum sínum á verkum rússneska skáldjöfursins Fjodors Dostojevskí. Enginn bókaunnandi ætti að ganga í gegnum lífið án þess að lesa helstu verk hans og ber þá sérstaklega að nefna Glæp og refsingu og Karamazov-bræðurna sem eru með bestu skáldsögum sem skrifaðar hafa verið. Ingibjörg var byrjuð að þýða Hina smánuðu og svívirtu en varð frá að hverfa vegna veikinda. Það kom í hlut Gunnars Þorra Péturssonar að ljúka við þýðinguna og hann ritar auk þess skýringar og eftirmála.

Hinir smánuðu og svívirtu kom fyrst út árið 1861. Aðalpersóna verksins er hinn ungi rithöfundur Vanja sem tekur að sér Nellý, kornunga stúlku. Vanja elskar Natöshu sem elskar Aljosha sem heillast hins vegar af Kötju. Faðir Aljosha, Valkovskí fursti, er illmenni, sem elskar auð og leggur sig fram við að leggja stein í götu flestra persóna sögunnar.

Verkið byrjar með hreint mögnuðum kafla um gamlan mann og hund hans þar sem umkomuleysi þeirra beggja er lýst og engu líkara er en að dauðinn sé með þeim í för. Svona skrifa bara sannir meistarar.

Engum tekst að lýsa ofsafengnum og mótsagnakenndum tilfinningum til jafns við Dostojevskí. Persónur hans eru iðulega í tilfinningalegu uppnámi, svo miklu að lesandinn á helst von á því að þær falli í yfirlið í miðri setningu. Hér er engin undantekning frá því. Frásögnin einkennist ekki síst af löngum einræðum persóna sem útlista tilfinningar sínar, stundum af mikilli nákvæmni. Skapgerð þeirra er yfirleitt afar sveiflukennd og segja má að hugrenningar þeirra komi lesandanum iðulega á óvart.




Börn í neyð koma oft fyrir í skáldsögum Dostojevskí og umhyggja hans og samúð með þeim er greinileg. Hin unga Nellý er eitt þessara barna, þvermóðskufull og ofur tilfinningarík. Illmenni sögunnar, Valkovskí, er síðan rannsóknarefni út af fyrir sig, en hann útskýrir vandlega hugmyndafræði sína sem byggist ekki síst á skeytingarleysi um örlög annarra og umhyggju um eigin hag.

Þjáning og göfgi eru umfjöllunarefni sem voru Dostojevskí alla tíð hugleikin. Hér er sannarlega nóg um þjáningar en göfgin verður ekki út undan, né heldur ástin. Líkt og hjá öðrum skáldsnillingi, Charles Dickens, er atburðarásin í skáldsögum Dostojevskís á köflum reyfarakennd, en síst skal kvartað undan því, lesturinn verður einfaldlega skemmtilegri fyrir vikið.

Það er sérlega ánægjulegt að fá þessa mögnuðu skáldsögu Dostojevskís á íslensku. Gunnar Þorri Pétursson skilar góðri þýðingu. Í eftirmála getur hann um ritröð Máls og menningar sem samanstóð af þýðingum á frábærum bókmenntaverkum, og kom út í rauðu bandi. Þar á meðal voru Dostojevskí-þýðingar Ingibjargar Haraldsdóttur. Nú eru breyttir tímar og lítið um að meistaraverk bókmenntanna komi út innbundin, oftast eru þau í kilju, eins og hér. Allt um það, einkar þakkarvert er að fá þessa bók í hendur. Hún á skilið að rata víða.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**ENGUM TEKST AÐ LÝSA OFSAFENGNUM OG MÓTSAGNAKENNDUM TILFINNINGUM TIL JAFNS VIÐ DOSTOJEVSKÍ.**

**NIÐURSTAÐA:** Tilfinningaþrungin og dramatísk skáldsaga um ást og þjáningu. Persónur eru sérlega eftirminnilegar. Lesandinn hlýtur að heillast.

# GOTT VERÐ Í ÁGÚST

Iceland

**ANDREX 12 RÚLLUR**
799 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1199 KR/PK
67 KR/STK

**LORENZ 100 G, 5 TEG.**
199 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
1.990 KR/KG

**SPARKLING 500ML**
169 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 249 KR/STK
338 KR/L

**VOGA ÍDÝFUR 175G**
249 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
1.423 KR/KG

**KRISTALL EPLA 500ML**
129 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 199 KR/STK
258 KR/L

**ATKINS STANGIR 30 G**
149 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
4.967 KR/KG

**TOFFYPOPS 120 G**
99 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 169 KR/STK
825 KR/KG

**BANG 473ML**
249 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 329 KR/STK
526 KR/L

**SPORT LUNCH 80 G**
149 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
1.863 KR/KG

**POWERADE 500ML, 3 TEG**
149 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
298 KR/L

**GATORADE 500 ML, 2 TEG**
149 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 199 KR/STK
298 KR/L

**GRANDIOSA PIZZUR 480-575 G**
399 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 799 KR/STK

**GRANDIOSA GLUTENFRI 590 G**
499 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 999 KR/STK

**ATKINS STANGIR 60 G**
199 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 349 KR/STK
3.317 KR/KG

**DAIM 56G**
129 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 229 KR/STK
2.304 KR/KG

**NÓA KROPP 200G**
349 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 549 KR/STK
1.745 KR/KG

**HARIBO 120 G, 8 TEG**
169 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
1.408 KR/KG

**NOCCO 330ML**
269 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 329 KR/STK
815 KR/L

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ 24 TÍMA

# Hvað Hvenær Hvar
# Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. ÁGÚST 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Kvöldganga um pönkslóðir miðborgarinnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tryggvagata 15-17
Íslenskt pönk er umfjöllunarefni kvöldgöngu sem Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur mun leiða um miðborgina fimmtudagskvöldið 2. ágúst. Það tók pönkið tíma að ná að festa rætur á Íslandi en þegar það loks gerðist fór allt af stað! Pönkið hafði varanleg áhrif á bæði íslenska tónlist og íslenskt samfélag. Rölt verður um miðborgina, fornar pönkslóðir heimsóttar og rakin sagan af því hvernig pönkið barst til Íslands, hvers konar Reykjavík það skaut rótum í og hver áhrif þess voru. Lagt verður af stað úr Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17 kl. 20.00. Gangan tekur um það bil eina og hálfa klukkustund og hentar öllum. Leiðsögnin fer fram á íslensku. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Viðburðurinn er á vegum Borgarsögusafns.

**Hvað?** Einskismannsland: Leiðsögn listamanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur
Leiðsögn með Einari Fal og Heklu Dögg Jónsdóttur sem eiga verk á sýningunni Einskismannsland: Ríkir þar fegurðin ein? Á sýningunni er sjónum beint að verkum listamanna sem endurspegla tengsl Íslendinga við víðerni landsins og breytilegt verðmætamat gagnvart náttúrunni. Sýningin rekur sögu hugmynda Íslendinga um víðerni landsins með augum myndlistarmanna. Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

**Hvað?** Menningarganga um höggmyndagarðinn á Víðistaðatúni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Víðistaðatún
Gengið verður um höggmyndagarðinn á Víðistaðatúni undir leiðsögn Ágústu Kristófersdóttur, forstöðumanns Hafnarborgar. Lagt verður upp frá Víðistaðakirkju kl. 20 og gert er ráð fyrir að gangan taki um klukkustund.

**Hvað?** Jóga fyrir hlaupara
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Jógasetrið
Ertu alltaf á leiðinni í jóga? Ertu að undirbúa maraþon? Eða bara að hlaupa þér til ánægju? Hlúðu að líkamanum með góðum jógateygjum hjá hlaupaþjálfara og jógakennara! Með því að bæta jógaiðkun við hlaupin eykur þú enn frekar á ánægjuna af því að hlaupa og minnkar meiðslahættuna til muna. Margir spyrja hvort ekki sé nóg að taka bara venjulegar teygjur. Vissulega er það nóg fyrir suma, en með því að mæta í séruppbyggða jógatíma fyrir hlaupara ert þú til dæmis að taka öndunina inn í myndina og gera teygjurnar mun áhrifaríkari en ella. Í tímunum er einnig lögð áhersla á að styrkja mikilvæga vöðvahópa og unnið með að auka almenna líkamsmeðvitund sem er mikilvægt fyrir hlaupara sem og alla þá sem stunda einhverjar íþróttir. Jóga róar um leið hugann og styrkir einbeitingu og dýpkar innsæið. Námskeiðið er einnig tilvalið fyrir annað íþróttafólk. Kennari: Birgir Jóakimsson

**Hvað?** Rómönsur – einkasýning Ragnhildar Jóhanns
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarstræti 16
Opnun sýningar Ragnhildar Jóhanns, Rómönsur. Á sýningunni má sjá fjögur ný málverk af íslenskum femínistum lesandi ástarsögur, Fríðu Rós Valdimarsdóttur, Hildi Lilliendahl Viggósdóttur, Maríu Lilju Þrastardóttur og Sóleyju Tómasdóttur.

### Tónleikar

**Hvað?** KÍTÓN tónleikar – Ösp Eldjárn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Ösp Eldjárn, Valeria Pozzo og Örn Eldjárn halda tónleika í Hannesarholti. Systkinin Ösp og Örn eru frá Tjörn í Svarfaðardal þar sem tónlist hefur ávallt verið ríkjandi partur af hversdeginum og var því ekki að undra að þau skyldu feta þann veg í lífinu. Ösp hélt til Lundúna í tónlistarnám árið 2011 og kynntist þar hinni ítölsku Valeriu Pozzo og hafa þær síðan starfað mikið saman í tónlist, en Valeria lék til að mynda á fiðlu og víólu á plötu Aspar, Tales from a Poplar Tree, sem var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2018 í flokki þjóðlagatónlistar. Þau þrjú munu flytja eigið efni, gamalt og nýtt í bland við eftirlætis ábreiður.

**Hvað?** Tónleikar Góss
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Hljómsveitin GÓSS (Sigurður Guðmundsson, Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar) verður með tónleika á Bryggjunni Brugghúsi fimmtudagskvöldið 2. ágúst. Tónleikarnir verða lokahnykkurinn á tónleikaferð tríósins um landið sem staðið hefur yfir síðustu vikur. Eingöngu 150 sæti verða í boði og hægt er að tryggja sér miða á tix.is/goss Í fyrra komust færri að en vildu og því mælum við með að næla sér í miða áður en þeir seljast upp. Boðið verður upp á létt og skemmtilegt prógramm sem mun innihalda lög sem Sigríður, Guðmundur og Sigurður hafa sungið saman og hvert í sínu lagi í gegnum tíðina, bæði tökulög og frumsamin. Tónleikarnir verða sitjandi og hægt verður að tryggja sér sæti frá kl. 21.00 þegar opnað verður inn í bruggsalinn, þar sem tónleikarnir fara fram. GÓSS stígur síðan á svið upp úr kl. 21.30.



Kira Kira kemur í Andagift Súkkulaðisetur í kvöld klukkan 20.00 með ljósríkt spjall. Kira Kira semur tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti í dag, en ferðaðist áður vítt um heiminn og spilaði á tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** ARTnight vol.3 – Kira Kira
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Andagift Súkkulaðisetur
Kira Kira kemur í Andagift með ljósríkt spjall um Straumaskólann sinn, sem hún stofnaði um námsefni sem hún hefur verið að þróa tengt sköpunarkraftinum um árabil og smiðjum sem hún hefur leitt á tónlistarhátíðum og í listaháskólum erlendis sem og hér heima. Við búum öll yfir lífsneista sem þarf að umgangast af næmi sem allir geta virkjað og nært með skapandi hætti. Leikgleði, spuni, samstarf, ljóðrænar hversdagsseremóníur og heilbrigð umgengni við sköpunarkraftinn er meðal þess sem Kira talar um. Kira Kira semur tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti í dag, en ferðaðist áður vítt og breytt um heiminn og spilaði á tónleikum, gerði bíómyndir og samdi músík fyrir leikhús og dans. Hún stofnaði Tilraunaeldhúsið með Jóhanni Jóhannssyni og Hilmari Jenssyni árið 1999 og ólst upp í tónlistarfjölskyldu sem þau bjuggu til í kringum sig og einkenndist af tilraunagleði og hugrökku samstarfi milli ólíkra krafta sem síðan ferðuðust milli tónlistarhátíða víða um heim. Verð kr. 4.000 kr. (súkkulaði innifalið)

**Hvað?** Brotajárn og Caterpillarmen
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Brotajárn og Caterpillarmen leiða saman hesta sína fimmtudagskvöldið 2. ágúst. Frítt inn!

**Hvað?** Harmónikutónleikar



KK band spilar í Félagsheimilinu Flúðum í kvöld klukkan 20.00. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Reykholt
Norsk harmónikuhljómsveit heldur tónleika í Reykholtskirkju. Hljómsveitin sem er skipuð tíu harmónikuleikurum auk bassa og gítars hefur á undanförnum árum komið fram á hinum ýmsu harmónikumótum á Norðurlöndunum og unnið til margra verðlauna fyrir sérlega vandaðan flutning. Hljómsveitin er hér á vegum Félags harmónikuunnenda í Reykjavík og mun koma fram á árlegu harmónikumóti félagins um verslunarmannahelgina að Borg í Grímsnesi. Áður en að því kemur mun hljómsveitin fara í skoðunarferðir um landið og halda í leiðinni tónleika í kirkjunni í Reykholti, en staðurinn er mörgum Norðmönnum hugleikinn, enda saga Noregskonunga rituð á staðnum. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Oddbjørn Kvalholm Nikolaisen og eru m.a. á tónleikaskránni lög eftir Karl Grønstedt, Asmund Bjørken og Leif Göras. Tónleikarnir í Reykholti hefjast kl. 20.00 fimmtudaginn 2. ágúst. Enginn aðgangseyrir.

**Hvað?** KK band
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Félagsheimilið Flúðum
KK bandið hefur verið að spila saman síðan 1992 með sama mannskap, Kristján Kristjánsson, KK, söngur, gítar og munnharpa, Þorleifur Guðjónsson, bassaleikari og æskufélagi KK, þeir hafa spilað saman í yfir 50 ár, og Kormákur Geirharðsson trommuleikari. Húsið og miðasala opnuð klukkan 20.00 tónleikarnir hefjast 21.00 Miðaverð: 3.000 kr.

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

# Gyða og Damien Rice á Mallorca

Gyða Valtýsdóttir hefur nú tilkynnt um nýtt verkefni og plötu: G Y Ð A – Evolution. Platan er fyrsta plata Gyðu sem inniheldur hennar eigin lagasmíðar, en síðasta plata hennar – Epicycle – innihélt eldri tónsmíðar tónskálda á borð við Messiaen og Schubert í nýjum búningi. Gyða hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir plötu ársins, Epicycle.

Evolution kemur út í september á vegum Figureight og kveður þar við nýjan tón. Á plötunni blandast saman hið klassíska, hið tilraunakennda og hið poppaða svo úr verður kokteill sem aðeins Gyða gæti blandað. Platan var tekin upp á 10 dögum í Los Angeles og New York og auk Gyðu var það Alex Somers sem pródúseraði. Aðrir sem komu að gerð plötunnar voru Úlfur Hansson, Albert Finnbogason, Shahzad Ismaily, Aaron Roche og Julian Sartorius.

Nú hefur Gyða sent frá sér fyrsta tóndæmi plötunnar, „Moonchild“. Þá er komið út myndband við lagið í leikstjórn Rebekku Rafnsdóttur. Myndbandið var tekið upp á Íslandi og í hafmeyjaskrúðgöngu í Coney Island í New York. Nú er hægt að forpanta plötuna á vínyl og sem niðurhal, en þá fylgir lagið „Moonchild“ með samstundis og platan verður send til kaupanda á útgáfudegi.

Gyða er sem stendur á tónleikaferðalagi ásamt Damien Rice, en það er heldur betur sérstakur túr þar sem þau eru á bát og sigla milli tónleikastaða á Ítalíu og Spáni. Tvennir tónleikar eru eftir, á Mallorca í dag og Menorca 7. ágúst. – bb



Gyða Valtýsdóttir hefur gefið út sína fyrstu plötu með eigin lagasmíðum.



Kári hefur haldið fjölda orgeltónleika bæði hér heima og erlendis.

# Kári Þormar í Hallgrímskirkju

Kári Þormar, organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík, leikur verk eftir Bach, Vierne (Carillon de Westminster), Tryggva M. Baldvinsson (Toccata Jubiloso), Böhm og Duruflé í hádeginu í Hallgrímskirkju. Er miðaverð 2.000 krónur. Efnisskrá: Johann Sebastian Bach (1685-1750), Tokkata í d-moll (dórísk), BWV 538/1 Louis Vierne (1870-1937), Carillon de Westminster op. 54 nr. 6 úr „Pieces de fantasie“, Tryggva M. Baldvinsson (f. 1965), Toccata Jubiloso, 2003, og Maurice Duruflé (1902-1986), Choral varié sur le ‘Veni Creator’ op. 4/3, 1930.



Orgelið góða í Hallgrímskirkju.

Eftir píanónám hjá Jónasi Ingimundarsyni og orgelnám hjá Herði Áskelssyni hélt Kári Þormar í framhaldsnám til Þýskalands þar sem hann lauk A-kirkjutónlistarnámi frá Robert Schumann háskólanum í Düsseldorf með 1. einkunn. Kári hefur haldið fjölda orgeltónleika, bæði hér heima og erlendis, þar á meðal á alþjóðlegri orgelhátíð á Álandseyjum og á alþjóðlegri tónlistarhátíð í Mühlhausen í Þýskalandi. Hann hlaut styrk úr minningarsjóði Karls Sighvatssonar árið 1997.

Kári hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi sem organisti, píanókennari og kórstjóri en á þeim vettvangi var hann tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna með Kór Áskirkju fyrir geisladiskinn Það er óskaland íslenskt. Kári tók við stöðu dómorganista við Dómkirkjuna í Reykjavík árið 2010. Þá er Kári stjórnandi kórs MR og starfar einnig við menntaskóla í tónlist. – bb






## MASTERCHEF USA
KL. 19:25

Gordon Ramsey og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.




**Frábær fimmtudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

## NCIS
KL. 20:10

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




## LETHAL WEAPON
KL. 20:55

Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.





## ANIMAL KINGDOM
KL. 21:40

Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annarsvegar. Glæný og meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.

## THE FEW LESS MEN
KL. 22:00

Þegar Luke fellur fyrir björg neyðast félagar hans þrír til að koma líki hans til Englands upp á eigin spýtur og með sem allra minnstri fyrirhöfn.



## BOARDWALK EMPIRE
KL. 21:55

Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum þegar Wall Street var á mikilli uppleið og mörg glæpagengi spruttu upp.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**

# DAGSKRÁ
# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**10.40 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt**
**11.05 The Heart Guy**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Norman**
**14.55 Diary of a Wimpy Kid: The Long Haul**
**16.30 Enlightened**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich sem snýr aftur í dómarasæti eftir nokkuð hlé. Af gaumgæfni velja nú dómararnir sér átta manna hóp sem þeir svo munu fylgja eftir út þáttaröðina og vera innan handar í þeim þrautum sem eru lagðar fram í eldamennskunni. Eins og áður reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það svo einn sem stendur uppi sem Meistarakokkur.
**20.10 NCIS**
**20.55 Lethal Weapon**
**21.40 Animal Kingdom**
**22.25 All Def Comedy**
**22.55 Little Britain USA**
**23.20 Killing Eve**
**00.05 The Tunnel: Vengeance**
**01.00 Insecure**
**01.30 Little Boy Blue**
**02.20 Little Boy Blue**
**03.05 Fahrenheit 451**
**04.45 Norman** Stórgóður spennutryllir frá 2016 með Richard Gere og fleiri stórgóðum leikurum. Norman Oppenheimer hefur sérhæft sig í að útvega öðrum það sem þeir vilja. Starfinu fylgir hins vegar sá ókostur að áður en hann getur sannfært menn um að ráða sig í vinnu þarf hann að sanna að hann geti í raun reddað málum fyrir þá. Dag einn vingast hann við stjórnmálamann sem hefur ekki átt sjö daga sæla og þau kynni eiga þremur árum síðar eftir að breyta lífi beggja til frambúðar – til góðs eða ills fyrir Norman.

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15 Arsenal - Chelsea**
**09.55 Haukar - ÍA**
**11.35 Pepsímörk kvenna**
**12.40 KR - Grindavík**
**14.20 Pepsímörkin**
**15.40 Benfica - Lyon**
**17.20 Arsenal - Chelsea**
**19.00 FH - Hapoel Haifa**
**21.05 Premier League World**
**21.35 Pepsímörk kvenna**
**22.40 Búrið**
**23.25 Goðsagnir - Guðmundur Steinsson**

## STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Last Man Standing**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Famous In Love**
**21.30 The Detour**
**21.55 Boardwalk Empire**
**22.55 The Simpsons**
**23.20 Bob's Burgers**
**23.45 American Dad**
**00.30 Last Man Standing**
**00.55 Seinfeld**
**01.20 Friends**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Tindur**
**07.23 K3**
**07.34 Skoppa og Skrítla enn úti um hvippinn og hvappinn**
**07.48 Mæja býfluga**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.55 Lalli**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Hvellur keppnisbíll**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 Tindur**
**11.23 K3**
**11.34 Skoppa og Skrítla enn úti um hvippinn og hvappinn**
**11.48 Mæja býfluga**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.55 Lalli**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Hvellur keppnisbíll**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 Tindur**
**15.23 K3**
**15.34 Skoppa og Skrítla enn úti um hvippinn og hvappinn**
**15.48 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.55 Lalli**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Hvellur keppnisbíll**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Lína Langsokkur**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 PGA Highlights**
**09.10 Golfing World**
**10.00 Ricoh Women's British Open**
**17.05 Inside the PGA Tour**
**17.30 WGC: Bridgestone Invitational**
**22.30 Golfing World**
**23.20 PGA Highlights**
**05.00 WGC: Bridgestone Invitational**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Sundays at Tiffanys**
**13.40 Dance Again - Jennifer Lopez**
**15.05 The Space Between Us**
**17.05 Sundays at Tiffanys**
**18.35 Dance Again - Jennifer Lopez** Skemmtileg heimildarmynd sem er full af dans og gleði og fjallar um Jennifer Lopez og hennar fyrsta heimstúr.
**20.00 The Space Between Us**
**22.00 The Few Less Men**
**23.35 The Wizard of Lies** Stórmynd frá HBO með Robert De Niro og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um fjármálamógulinn Bernard Madoff sem var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli sem hefur verið kallað eitt stærsta píramídasvindl sögunnar.
**01.45 The Immigrant**
**03.40 The Few Less Men**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008**
**13.55 360 gráður**
**14.20 Átök í uppeldinu**
**15.00 Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur**
**15.50 Orðbragð**
**16.20 Grillað**
**16.50 Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Begga og Fress**
**18.13 Lundaklettur**
**18.20 Póló**
**18.26 Ronja ræningjadóttir**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Hinseginleikinn**
**19.55 Myndavélar**
**20.05 Heimavöllur**
**21.05 Fangar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.00 Sýknaður**
**23.50 Veiðikofinn**
**00.10 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**11.45 Everybody Loves Raymond**
**12.10 King of Queens**
**12.35 How I Met Your Mother**
**13.00 Dr. Phil**
**13.40 American Housewife**
**14.05 Kevin (Probably) Saves the World**
**14.50 America's Funniest Home Videos**
**15.15 The Millers**
**15.40 Solsidan**
**16.05 Everybody Loves Raymond**
**16.30 King of Queens**
**16.55 How I Met Your Mother**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 The Tonight Show**
**18.50 The Late Late Show**
**19.35 Solsidan**
**20.00 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**
**21.00 Instinct**
**21.50 How To Get Away With Murder**
**22.35 Zoo**
**23.25 The Tonight Show**
**00.45 24**
**01.30 Scandal**
**02.15 The Life Aquatic with Steve Zissou**
**04.15 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



# 25% afsláttur

# ÚTILEGUVÖRUR

**Tilboðsverð**
**Tjald**
Fyrir fjóra, 1000 mm.
**9.746**
88015959
Almennt verð: 12.995
25% afsláttur




**Tilboðsverð**
**Tjald**
Fyrir tvo, 2x1, 4x1 m, 1000 mm
**2.246**
88015950
Almennt verð: 2.995
25% afsláttur




**Tilboðsverð**
**Gashella**
Með gasflösku.
**2.771**
41119774
Almennt verð: 3.695
25% afsláttur



40% afsláttur



**Tilboðsverð**
**Kælibox**
24 l.
**1.495**
41119565
Almennt verð: 2.495
24 l.



**Tilboðsverð**
**Svefnpoki**
Dökkblár, -5°, 200x80 cm,
**3.971**
88015974
Almennt verð: 5.295
25% afsláttur



**Tilboðsverð**
**Tjalddýna**
Ljósblá, 70x200 cm.
**544**
88015966
Almennt verð: 725
25% afsláttur



**Tilboðsverð**
**Útilegustóll**
31x31x50 cm.
**671**
41119775
Almennt verð: 895
25% afsláttur



**Tilboðsverð**
**Útilegustóll**
Hægt að brjóta saman, grænn.
**1.095**
88098157
Almennt verð: 1.695
35% afsláttur

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

**LOKAÐ** frídag verslunarmanna, mánudaginn 6. ágúst



Hópurinn samankominn að njóta kvöldmatar að Kleifum við Blönduós, á eina fridegi túrsins.



Rollur við Berufjörð. Skítsama um allt eins og á reyndar við um aðrar rollur um land allt.



Bandið samankomið með fossinn Dynjanda á Vestfjörðum í baksýn.



Sigríður með hundinum hans Sigga sem heitir Spotti.

# GÓSS á ferð um landið

Þau Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson ásamt Guðmundi Óskari, bróður Sigurðar og meðleikara Sigríðar úr Hjaltalín, klára ferðalag sitt um landið í kvöld með tónleikum á Bryggjunni Brugghús. Þetta er annað sumarið í röð sem þau leggja land undir fót og komu þau fram á nokkrum vel völdum tónleikum víðsvegar um land undir nafninu GÓSS. Sigurður hefur verið með myndavélina uppi alla ferðina.



Forláta Nissan Armada sem gengur undir nafninu Velliðan. Smá drullugur eftir Dynjandisheiði.



Steinþór Helgi tónleikafararstjóri við gömlu síldarverksmiðjuna á Hjalteyri.



Siggi og Sigga bregða örlítið á leik eftir tónleika á Dalvík.

**Morgundagurinn verður betri með After Party**

**Náttúruleg lausn við timburmönnum**




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.artasan.is**




APPIÐ ER Á

SÆKJA FRÁ Google Play

Sækja frá App Store

FÆST Í netto



Brooke Shields sem Susan Keane í Suddenly Susan.



Elton John með alls konar tískuyfirlýsingar – en buxurnar eru aðalatriðið. Eins og stundum áður.



Paul McCartney hefur ekkert verið að leika sér. Plokkandi bassann árið 1972 í glæsilegum smekkbuxum.



Kóngurinn Mr. T sem B.A. Baracus úr The A Team. Smellpassar við keðjurnar og kambinn. Fáir sem púlla þetta lúkk ef einhverjir.



Íslandsvinurinn Eric Clapton spilar á Stratocasterinn Blackie og er að sjálfsögðu klæddur smekkbuxum.

# Smekklegar smekkbuxur

Það verður seint sagt um smekkbuxur að þær séu fyrsta val úr fataskápnum. Engu að síður er það nú staðreynd að þær eru með lífseigustu tískufötum sem til eru. Enn þann dag í dag eru þær sjóðheitar enda fyrirmyndirnar fjölmargar sem hafa látið mynda sig í dásemdinni enda gerðar fyrir alla, bæði konur og kalla.



Paul Newman var glæsimenni sem bar buxurnar frekar auðveldlega – jafnvel þótt vasinn væri örlítið skakkur.



Al Pacino sem Frank Serpico. Eitursvöl tvenna. Og ekki skemmir þessi pósa mikið lúkkið sem smekkbuxurnar klára.



Betty Livesay í munstruðum við Michiganvatn árið 1929.



Will Smith þótti frekar töff, frekar en hitt, þegar hann lék aðalhlutverkið í Prinsinum í Bel Air.



Michael Jackson kominn í smekkbuxnasnilldina á meðan Janet, systir hans, sem þarna er ellefu ára, horfir á poppgoðið klæða sig í eða máta einar hvítar.



Tupac Shakur þótti einstakur tónlistarmaður. Hann læddist einstaka sinnum í buxurnar góðu.



Eminem. Nike-hanskar, gríma og keðjusög. Samt beinast augun að buxunum. Ótrúlegt en satt.

# nettó

# ALLT Í FERÐALAGIÐ!

## Gómsætir og girnilegir hamborgarar í úrvali




199 KR STYKKIÐ

MÁ SKELLA FROSNUM Á GRILLIÐ!

**HAMBORGARAR**
DRY AGED 8 X 120 G
**1.594 KR PK**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/PK~~



-30%

**UNGNAUTA HAMBORGARAR**
4 X 90 G M/BRAUÐI
**979 KR PK** GOÐI
ÁÐUR: ~~1.398 KR/PK~~




-15%

**FYLLTIR HAMBORGARAR M/ BEIKONI, CHILI EÐA GRÁÐAOSTI**
2 X 100 G
**475 KR PK** NORÐLENSKA
ÁÐUR: ~~559 KR/PK~~



-25%

**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
M/ PAPRIKU, CHILI OG HVÍTLAUK
**2.249 KR KG** GOÐI
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~



-50%

**LÚXUS GRÍSAGRILLPAKKI**
BÓGSNEIÐAR, HNAKKASNEIÐAR OG KÓTILETTUR
**949 KR KG** KJÖTSEL
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~



-20%

**GRÍSAKÓTILETTUR**
HUNANGSREYKTAR
**1.998 KR KG** GOÐI
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~



-15%

**NAUTAPIPARSTEIK**
FERSK
**3.398 KR KG**
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~



-30%

**LÆRISSNEIÐAR**
BLANDAÐAR
**1.749 KR KG** KJÖTSEL
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~



-15%

**HUMAR Í SKEL**
1 KG POKI
**3.398 KR PK**
ÁÐUR: ~~3.998 KR/PK~~

*SANTA MARIA VÖRUR*
*20% AF SÓSUM / 25% AF SNAKKI*







-34%

**HYTOP SYKURPÚÐAR**
284 G
**198 KR PK**
ÁÐUR: ~~298 KR/PK~~




-15%

**NÓA KROPP**
200 G
**398 KR PK**
ÁÐUR: ~~459 KR/PK~~



-43%

**DRISCOLL JARÐARBER**
400 G
**399 KR PK**
ÁÐUR: ~~698 KR/PK~~

nettó
Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 1. - 6. ágúst 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss













# Leiktækin hans Ratcliffes



**Jim Ratcliffe**, sem hefur keypt meðal annars Grímsstaði á Fjöllum auk nokkurra jarða í Vopnafirði, er ríkasti maður Bretlandseyja. Eru auðæfi hans metin á um þrjú þúsund milljarða króna.

**Húsin** Samkvæmt Bloomberg býr Ratcliffe í Sviss en á einnig hús í Chelsea-hverfinu í London. Þá ætlar hann að rífa strandhúsið sitt í New Forest og byggja nýtt framtíðarhús sem kostar fjórar milljónir punda.

Sir Jim Ratcliffe, John Harald Orneberg og Rudolf Lamprecht eru meðal þeirra sem hafa verið að kaupa upp jarðir hér á landi. Fréttablaðið skoðaði leiktæki þess ríkasta, Ratcliffes, en hann er ríkasti maður Breta.



**Hampshire II** Þegar Ratcliffe siglir um heimsins höf ferðast hann með Hampshire II sem er 78,5 metra löng snekkja og komast 14 manns fyrir í sjö klefum. Á snekkjunni, sem er metin á rúmlega 100 milljónir dollara, starfa 23.



**Einkaþoturnar** Ratcliffe á fjórar einkaþotur samkvæmt Daily Record, eða fyrirtæki hans, Ineos. Gulfstream G550 með kallmerkið M-USIC, tvær Gulfstream G280 með kallmerkin M-ISTY og M-INTY og Dassault Falcon 2000EX sem hefur kallmerkið M-CHEM. Þá á hann Agusta þyrlu með kallmerkinu M-AJOR.

**Sir Jim Ratcliffe**
Jim Ratcliffe, sem hefur keypt meðal annars Grímsstaði á Fjöllum auk nokkurra jarða í Vopnafirði, er ríkasti maður Bretlandseyja samkvæmt úttekt sem Sunday Times birti á árinu. Eru auðæfi hans metin á 21 milljarð punda eða um þrjú þúsund milljarða króna.

Mikið hefur verið efast um umhverfisvernd Ratcliffes enda auðgaðist hann á efnaframleiðslu og er með starfsemi í öllum heimshlutum. Þá hyggur fyrirtæki hans á vinnslu á jarðgasi með svokölluðu bergbroti (e. fracking) víða um Bretland en slík vinnsla er vægast sagt umdeild aðferð við orkuöflun.

**John Harald Orneberg**
Svíinn John Harald Orneberg hefur farið með veggjum en í umfjöllun Bloomberg er hann sagður vera einn af þeim sem hafa verið að kaupa jarðir hér á landi. Orneberg fundaði með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 28. maí síðastliðinn en ekki er vitað hvað fór þar fram. Í umfjöllun um hann á vefsíðu Bloomberg segir að hann sé stofnandi og stjórnarformaður Timber Capital Limited. Lítið er vitað um leiktæki hans annað en að hann hafi átt skútuna Carl Linne sem hann seldi á rúmar fimm milljónir dollara.

**Rudolf Lamprecht**
Svisslendingurinn Rudolf Lamprecht byrjaði að kaupa jarðir árið 2003 en þess má geta að Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra var þá lögmaður hans.

Lamprecht stofnaði Regal Springs sem er stærsti fiskframleiðandi heims með svokallaðan beitarfisk (tilapia) sem er þriðji vinsælasti ræktunarfiskur heims. Erfitt hefur verið að finna einstök leiktæki kappans.

**Ekki hræddur**
Sigurjón Sighvatsson, segir að hann sé ekki hræddur við að erlendir aðilar eigi hlut í Íslandi. Í frétt Bloomberg kemur fram að mikill meirihluti landsins sé í eigu Íslendinga. „Ég er frekar hræddur við Íslendinga. Margir útlendingar sem hafa keypt upp jarðir á Íslandi eru mörgum skrefum á undan þegar kemur að verndun náttúrunnar.“ **benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

-16 KR.
Í DAG
FYRIR LYKIL- OG KORTHAFA
OLÍS OG ÓB

# FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 2.–6. ágúst

ICELANDAIR

Vinur við veginn

olís

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Benedikts Bóasar Hinrikssonar




## Bölvuð Vegagerðin

Að keyra um landið er eitthvað sem ætti að vera góð skemmtun. En Vegagerðin er svo vonlaust apparat að það er ekkert skemmtilegt lengur. Allt sem Vegagerðin gerir er misheppnað. Það er ekkert sem þessi stofnun hefur gert undanfarin ár og ábyggilega áratug og jafnvel áratugi sem er vel heppnað.

Vegagerðin er stofnun sem neitar að laga sig að nútímanum. Núna, þegar fleiri útlendingar eru á veginum og yfirleitt á fleygiferð, er allt stopp hjá Vegagerðinni. Skilti eru til dæmis enn þá öll á íslensku. „Malbik endar“ stóð á einu og mynd af bíl að fá grjót í rúðuna þegar ég keyrði um hina hættulegu vegi landsbyggðarinnar. Ég hef reynt að finna þetta alþjóðlega skilti en það bara fannst ekki.

Í Vatnsdal er brúarflokkur búinn að vera að störfum, trúlega síðan fyrir stríð. Ábyggilega á tímakaupi því vinnan gengur fjandakornið ekki neitt. Það er aldrei neitt að gerast þar. Ein dauf umferðarljós og fátt um aðrar viðvaranir. Brúin hefur reynst í verra ástandi en búist var við og nú er áætlað að vinnan standi fram í síðari hluta september.

Og hvað er betra en að loka Þingvallavegi fyrir allri umferð milli þjónustumiðstöðvarinnar og eystri gatnamótanna við Vallaveg fram í október? Það er ekki eins og Þingvellir séu nokkuð vinsælir á þessum tíma árs.

Svona væri hægt að telja áfram.

Réttast væri að flengja alla starfsmenn og sérstaklega yfirmenn. Þegar maður sér hvað mikið af launum manns fer í skatt, sem Vegagerðin tekur trúlega helvíti stóran hluta af, þá finnst mér að það sé góð lausn. Að allir landsmenn fengju að flengja yfirmenn í Vegagerðinni.

Já, eða bara að reka alla yfirmenn. Alltént eru þeir ekki að vinna fyrir laununum sem við borgum þeim.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Tikka Masala kjúklingur
með mangó chutney sósu


SUBWAY

SÓMI


Sómasamlokur
★SAMLOKURNAR OKKAR★
— ERU BESTAR Í DAG —
FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

